# FRÉTTABLAÐIÐ

172. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 22. JÚLÍ 2016




Föstudagsviðtalið

## Evrópa á tímamótum

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra ræðir Brexit, misheppnað valdarán í Tyrklandi og undirliggjandi vanda Evrópusambandsins. Hún segir nauðsynlegt að spyrja íslensku þjóðina hvort hún vilji ganga í sambandið.** → 10

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Ellefu hundruð manns bjargað

**ÍTALÍA** Ítalska strandgæslan bjargaði í gær 1.128 flóttamönnum í hafinu milli Sikileyjar og Túnis. Lík sautján annarra fundust. Flóttamennirnir voru á fimm gúmmíbátum og þremur stærri skipum.

Í fyrradag fundu björgunarmenn 22 flóttamenn í gúmmíbát á Miðjarðarhafinu og daginn þar áður var 3.200 flóttamönnum bjargað í 25 aðgerðum.

Danska ríkisútvarpið, Danmarks Radio, segir að fjöldi flóttamanna hætti sér yfir Miðjarðarhafið þessa dagana. Nú þegar hásumar er og sjórinn er tiltölulega lygn. - jhh

### Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Söngvarinn Jón Jónsson gefur út sitt fyrsta tónlistarmyndband með Eddu Björgvins í aðalhlutverki. 30



**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um að allir séu unglingar. 16

**SPORT** Íslensku Ólympíufararnir eru á lokastigi undirbúnings fyrir Ríó. 16

**MENNING** Mikilvægt að við skoðum aftur fyrir okkur. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Segja heimsóknir ríkisskattstjóra og lögreglu fordæmalausar

**SAMFÉLAG** „Það var bankað harkalega og mjög ítrekað og ég hélt að það væri verið að brjótast inn,“ segir Jóhanna Andrea Hjartardóttir. Hún er ein af fimmtíu manns sem fulltrúar embættis ríkisskattstjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fóru til vegna Airbnb-leigu á miðvikudag.

Jóhanna býr sjálf í risíbúð hússins en íbúðin sem hún leigir út er á hæðinni fyrir neðan. Tveir menn frá ríkisskattstjóra og einn lögregluþjónn mættu til Jóhönnu um kvöldmatarleytið. „Það dundu yfir mig spurningar, til dæmis hvort íbúðin væri til útleigu, hvort ég væri með leyfi og hvort ég væri í vinnu,“ segir Jóhanna en hún reyndi hvað hún gat að sækja um leyfi hjá sýslumanni í fyrra en fékk neitun. Hún gefur upp tekjur af útleigunni.

Jóhönnu var tilkynnt að ef hún myndi ekki fá leyfi innan tveggja daga yrði lokað fyrir íbúðina. „Þeir sögðu að ég yrði að gera ráðstafanir og sannfæra sýslumann annars yrði lokað fyrir íbúðina. Lögreglumaðurinn var með svona innsiglisborða sem hann sýndi mér,“ segir Jóhanna en það voru gestir í íbúðinni þegar atvikið átti sér stað.

Sölvi Melax, talsmaður Samtaka um skammtímaleigu á heimilum, segir heimsóknirnar á miðvikudag fordæmalausar.

„Þarna kemur lögreglan og er með læti þar sem fólk er með gesti. Maður spyr sig hvernig væri að vera gestur í öðru landi og fá þær spurningar frá lögreglunni hvort leigusalinn sé búinn að fá leyfi og borga skatta,“ segir Sölvi.

Hann bætir við að margir sem fengu heimsókn hefðu gert allt til að fá leyfið en kerfið sé úrelt. Hann segir einnig að hvergi á heimasíðu skattsins séu leiðbeiningar um það hvernig skuli greiða skatta af skammtímaleigu.

Sigurður Jensson, sviðsstjóri eftirlits ríkisskattstjóra, segir enga heimild til staðar til að loka íbúðum ef þær eru hluti af heimili. „Ef það er hins vegar sjálfstæð eining sem er ekki hluti af heimili þá er heimild til þess að loka á grundvelli leyfisleysis eða ef menn eru ekki að standa í skilum.“ – fbj / sjá síðu 6

> Þarna kemur lögreglan og er með læti þar sem fólk er með gesti.
>
> Sölvi Melax, talsmaður Samtaka um skammtímaleigu á heimilum



## Veður




Í dag er útlit fyrir keimlíkt veður og verið hefur, skýjað víða um land, stöku skúrir hér og þar og hlýtt loft. Hvergi rakinn þurrkur, en fínasta útivistarveður. SJÁ SÍÐU 20

# Fólk varað við því að tína skel við Ísland

**NÁTTÚRA** Matvælastofnun varar við tínslu á kræklingi og öðrum skeltegundum við landið vegna alexandrium- og dinohpysys-þörunga sem greinst hafa í sjósýnum í Hvalfirði, Breiðafirði, Mjóafirði og Steingrímsfirði. Útbreiðsla þörunganna annars staðar við landið er ekki þekkt.

Varað er við skeljatínslu þar sem þörungarnir geta valdið eitrun. „Sú þumalfingurregla sem er þekkt að ekki skuli tína skel til neyslu í mánaðarheitum sem eru ekki með r er því í fullu gildi,“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar.

Þá er tekið fram að kræklingur sem fer á markað sæti ströngu eftirliti og komist ekki á markað fyrr en sýnt hefur verið fram á að magn þörungaeiturs sé innan settra marka. **– þea**



Í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Orkuvandi hjá Hvergerðingum

**ORKUMÁL** Rekstur hitaveitu Hveragerðis var erfiður í vetur því gufuholur sem nýttar hafa verið undanfarin ár hafa ekki verið eins áreiðanlegar og áður. Þetta kemur fram í bréfi Veitna ohf. til bæjaryfirvalda.

„Veitur hafa leitað til sérfræðinga innan og utan OR samstæðunnar til lausnar vandans. Ljóst er að hitastig og þar með þrýstingur í holunum sem hafa verið í sjálfrennsli er komið niður fyrir þau mörk að ásættanlegt teljist til öruggs reksturs,“ segja Veitur sem hafa ekki öruggar skýringar á breytingunni. Ráðast þurfi í fjárfestingar til að tryggja Hvergerðingum næga orku. Það gæti verið að breyta núverandi holum, tengja virkar holur í nágrenninu eða ráðast í boranir. **– gar**

# Fótboltinn í fyrirrúmi



ReyCup mótið stendur yfir þessa dagana í Laugardalnum. Þar keppa bæði lið úr þriðja flokki og fjórða flokki stelpna og stráka í fótbolta. Þótt dagskrá mótsins sé mjög fjölbreytt er knattspyrnan að sjálfsögðu í fyrsta sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Tesla færir út kvíarnar

**BÍLAR** Rafbílaframleiðandinn Tesla ætlar að framleiða rafstrætisvagnaa, pallbíla og litla jeppa. Þetta kemur fram í nýju áætluninni „master plan“ sem Elon Musk, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, birti á miðvikudag.

Fyrir tíu árum skrifaði Musk fyrstu áætlunina fyrir framleiðslu bílanna. Musk telur að öll markmiðin frá þeirri áætlun séu að nást. Því stefni hann nú á frekari þróun, meðal annars þróun sjálfkeyrandi bíla sem eru tíu sinnum öruggari en hefðbundnir bílar, og eiga að gera eigendum kleift að safna tekjum þegar þeir eru ekki að nota bílinn sinn.

Musk skrifar í áætluninni að hann vilji kaupa SolarCity, sólarorkufyrirtækið þar sem hann er stjórnarformaður, til að geta þróað falleg sólarþök á bílana og betri batterí. Musk sér fyrir sér að endurskoða hlutverk strætisvagna svo þeir komi farþegum alla leið á áfangastað og séu með fleiri sætum en hefðbundnar rútur. **– sg**

# Hvetja geðsjúka áfram með veitingu styrkja

**Forvarna- og fræðslusjóðurinn Þú getur! veitir þeim námsstyrki sem hafa átt við andleg veikindi að stríða. Níu manns fengu styrkinn í gær. Einn þeirra segir að krónurnar séu vel þegnar en að viðurkenningin sé enn mikilvægari.**

**SAMFÉLAG** Forvarna- og fræðslusjóðurinn Þú getur! hefur í áratug veitt einstaklingum námsstyrki. Allir styrkþegarnir eru greindir með geðsjúkdóma, eru í eflingarmeðferð og námi í háskólum, framhaldsskólum, tónlistarskólum eða tækniskólum.

Í gær var árleg styrkveiting og fengu níu einstaklingar styrk til náms. Upphæð styrkjanna er 100 til 200 þúsund krónur. Allir styrkþegarnir eru í eflingarmeðferð og námi í háskólum, framhaldsskólum, tónlistarskólum eða tækniskólum.

**Ekki fjárhagslegir burðir í nám**

„Ég sá það í starfi mínu sem geðlæknir að það var svo algengt að ungt fólk, oft nýkomið með greiningu á alvarlegum veikindum, hafði ekki fjárhagslega burði til að stunda námið,“ segir Ólafur Þór Ævarsson, stjórnarformaður sjóðsins.

„Ég sá að með tiltölulega litlum upphæðum var hægt að hjálpa fólki afskaplega mikið.“

Tíu til tólf manns fá styrkinn á ári hverju og hafa því um það bil 120 einstaklingar fengið styrkinn síðustu tíu ár. Ólafur vildi eyða fordómum og beita eflingu með styrkveitingunum. Það hefur tekist vonum framar.

„Maður sér svo mikið af kraftaverkum. Námið er stór þáttur í þessu endurhæfingarferli,“ segir Ólafur.

Grétar Björnsson hlaut námsstyrk síðastliðið haust og hann segir styrkinn hafa skipt sig miklu máli.

„Auðvitað var gott að fá einhverjar krónur. En það sem var svo mikilvægt var að fá viðurkenninguna. Þetta varð einhvers konar viðurkenning frá samfélaginu og hvatning til að halda áfram,“ segir hann. „Krónurnar fóru hratt, en viðurkenningin lifir áfram.“

Grétar hefur barist við geðhvörf frá unglingsaldri. Grétar fékk greiningu um tvítugt og var lagður inn á geðdeild.

„Á þessum tíma hélt ég að það yrði ekki mikið úr mér eða ég yrði nokkurn tímann fjölskyldumaður. Þetta voru mínir eigin fordómar. Maður er ekki á toppnum í samfélaginu þegar maður er lokaður inni á geðdeild og maður elst upp við að það sé hræðilegt að greinast með geðsjúkdóm.“

**Fjölskyldumaður í dag**

Í dag er líf Grétars gjörbreytt. Hann á fjölskyldu, rekur heimili, er í vinnu og leggur stund á BA-nám í félagsfræði. „Maður þarf að yfirstíga sína eigin fordóma,“ segir hann og vonar að sem flestir fái færi á að þiggja styrk frá sjóðnum.

Þú getur! safnar fjármagni með styrktartónleikum með aðstoð tónlistarfólks og frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja.

Eins og áður kom fram er Ólafur Þór stjórnarformaður sjóðsins en auk hans sitja í stjórn þau Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, Siv Friðleifsdóttir, séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðasókn, og dr. Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir. erlabjorg@frettabladid.is

> Maður er ekki á toppnum í samfélaginu þegar maður er lokaður inni á geðdeild.
>
> Grétar Björnsson háskólanemi



> Maður sér svo mikið af kraftaverkum.
>
> Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og stjórnarformaður Þú getur!



KYNNINGARVERÐ 50 ára
LANDMANN KAMADO keramik grill
www.grillbudin.is
Alvöru grill fyrir metnaðarfulla grilláhugamenn



Byggt á þúsund ára hefð
Einstök bragðgæði
Reykeldun
Hægeldun á kjöti
Frábært sem Pizzaofn
Auðveld hitastjórnun
Hægt að ná miklum hita
Sterkur vagn með hliðarborðum fylgir
KYNNINGARVERÐ 139.900
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo. Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Verðbréfasjóðir vilja sitja við sama borð og lífeyrissjóðirnir

**VIÐSKIPTI** Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir hérlendis vilja hafa sömu heimild til fjárfestinga erlendis og í sömu hlutföllum og lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar hafa fengið hérlendis á síðustu mánuðum. Óljóst er hvenær þeir muni fá leyfi til þess.

Morgunblaðið greindi frá því í gær að fjármálafyrirtækið Gamma hefði sent Seðlabanka Íslands bréf þar sem þess er krafist að verðbréfa- og fjárfestingasjóðir sitji við sama borð og lífeyrissjóðir þegar kemur að fjárfestingum erlendis. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið áskilji sér rétt til að höfða mál gegn bankanum og leggja inn kvörtun til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, vegna þessa.

Starfsmenn fjárfestingafyrirtækja sem Fréttablaðið ræddi við eru sama sinnis og forsvarsmenn Gamma. „Við höfum verið á þessari skoðun í lengri tíma, að við teljum að sé full þörf á því, við höfum þó ekki sent erindi þess efnis til hvorki Seðlabankans né annarra. Hingað til höfum við bara beðið eftir heimildinni, en okkur finnst eðlilegt að þessar undanþágur sem hafa verið veittar ættu einnig að vera veittar rekstrarfélögum sem reki fjárfestingarsjóði,“ segir Hannes Frímann Hrólfsson, hjá Virðingu.

Bragi Gunnarsson, lögfræðingur hjá Landsbréfum, tekur undir þetta. „Við erum sammála Gömmu. Ég held að þeir séu að koma þarna á framfæri sjónarmiðum sem er alveg samhljómur fyrir hjá öðrum. Það liggur í hlutarins eðli að það eru hagsmunir rekstrarfélaganna og þeirra sem fjárfesta í þeim að sitja við sama borð. Ég held að það sé jákvætt fyrir alla aðila.“ Bragi segir þó að engin afstaða hafi verið tekin til þess að kvarta og að málið hafi ekki verið rætt sérstaklega innan Landsbréfa. – sg



**Lífeyrissjóðir hafa heimild til fjárfestinga erlendis en ekki verðbréfasjóðir.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýr íslenskur tölvuleikur kominn út

**LEIKIR** Íslenski ReRunners-leikurinn var gefinn út í gær. Að baki honum stendur fyrirtækið Klang Games, sem Ívar Emilsson, Oddur Snær Magnússon og Guðmundur Hallgrímsson listamaður, sem jafnan er kallaður Mundi vondi, stofnuðu árið 2013.

Ívar lýsir ReRunners sem risastórum heimi þar sem hægt er að ferðast um og keppa við aðra spilara. ReRunners, sem kemur út á snjallsíma, var til að byrja með prufukeyrður á Filippseyjum, Nýja-Sjálandi og í Ástralíu.

Leikurinn er í boði í App Store og á Google Play á ensku, frönsku, þýsku, ítölsku og spænsku.

Í júlí í fyrra var Klang Games metið á tæpan milljarð króna eftir hlutafjárkaup breska fjárfestingarfélagsins London Venture Capital í fyrirtækinu. Fjárfestar keyptu hlut í félaginu fyrir 630 þúsund Bandaríkjadali, eða um 85 milljónir íslenskra króna. – sg

## S&P hækkar einkunn ÍLS

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) hefur hækkað lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs í BB.

Fram kemur í tilkynningu að helsta ástæða ákvörðunarinnar sé að fjárhagsleg afkoma sjóðsins á síðasta ári hafi farið verulega fram úr fyrri væntingum, en sjóðurinn hefur nú verið rekinn með afgangi í tvö ár. Þá telur S&P að þau skref sem stigin hafa verið til að draga úr vanda vegna uppgreiðslna eldri húsnæðislána muni leiða til bættrar afkomu Íbúðalánasjóðs á næstu árum og skila honum sterkari stöðu en fyrri spár matsfyrirtækisins höfðu gert ráð fyrir.

Matsfyrirtækið spáir bættri afkomi Íbúðalánasjóðs. Batnandi efnahagslíf á Íslandi hafi haft jákvæðari áhrif á efnahag sjóðsins en búist var við. – sg

# Lofa fjárfestum í einkaspítala sex prósenta ávöxtun

**Fjárfestum sem leggja fé í nýtt einkarekið sjúkrahús og hótel er lofað árlegum arðgreiðslum upp á sex prósent af fjárfestingu sinni. Til stendur að reisa um 150 herbergja einkaspítala og hótel með um 250 herbergjum og er áætlað að um þúsund störf skapist við verkefnið. Ekki er gert ráð fyrir íslenskum sjúklingum.**

**VIÐSKIPTI** Fjárfestum sem leggja fé í einkarekinn spítala og hótel sem rísa á í Mosfellsbæ er lofað arðgreiðslu sem nemur að minnsta kosti sex prósentum af fjárfestingu þeirra árlega. Þetta segir Hendrikus Middeldorp, framkvæmdastjóri MCPB ehf., sem stendur að framkvæmdunum.

Mosfellsbær undirritaði samkomulag við MCPB um lóð undir 30 þúsund fermetra byggingu í gær. Verkefnið er fjármagnað af hollenska félaginu Burbanks Capital, sem Middeldorp starfar hjá og er dótturfélag annars hollensks félags, Burbanks Holding. Miðstöðin verður nefnd eftir þekktum spænskum hjartalækni, Pedro Brugada, sem jafnframt á að stýra miðstöðinni. Vonast er til að framkvæmdir hefjist næsta vor og þeim ljúki á árunum 2019 til 2020. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 47 til 54 milljarðar króna. Brugada hyggst hefja starfsemi hér á landi í Klíníkinni í Ármúla í haust.

Middeldorp segir að verkefnið sé fullfjármagnað með láni frá móðurfélaginu Burbanks Capital. Félagið sé hins vegar reiðubúið að endurfjármagna verkefnið. Þó félagið þurfi ekki á fjármagni að halda séu þeir tilbúnir að hleypa fjárfestum að borðinu. „Við höfum svo heyrt frá mörgum einstaklingum frá Evrópu sem segjast vilja taka þátt í verkefninu.“

Burbanks Capital sé samvinnufélag og þeir telji það samfélagslega skyldu sína að hleypa almenningi að borðinu enda séu vextir í Evrópu víða neikvæðir. „Við teljum okkur bera skyldu gagnvart samfélaginu í Hollandi og Belgíu.“ Á Facebook-síðu félagsins var einnig auglýst eftir fjárfestum sem gátu til síðustu mánaðamóta lagt verkefninu til fé gegn allt að átta prósenta ávöxtun til fimm ára.




**Mosfellsbær undirritaði samkomulag við MCPB um lóð undir 30 þúsund fermetra byggingu í gær.**

> **Hugmyndin er að flytja þarna inn erlenda sjúklinga, fyrst og fremst frá Evrópu.**
>
> Gunnar Ármannsson, stjórnarmaður í MCPB



Gunnar Ármannsson, stjórnarmaður í MCPB, segir að til standi að reisa um 150 herbergja einkaspítala og hótel með um 250 herbergjum og að um þúsund störf skapist við verkefnið. „Hugmyndin er að flytja þarna inn erlenda sjúklinga, fyrst og fremst frá Evrópu.“ Gunnar segir að tryggingafélög sjúklinganna muni greiða fyrir aðgerðirnar. Langir biðlistar eru hjá þeim miðstöðvum sem Brugada rekur í Evrópu og því mun hótelið verða fullbókað um leið og það tekur til starfa, að sögn Middeldorps.

Gunnar segir að ekki sé gert ráð fyrir íslenskum sjúklingum á spítalanum. „Við erum ekki að sækjast eftir neinum íslenskum sjúklingum en hins vegar ef einhverjir leita til okkar og vilja gera það á eigin kostnað þá munum við ekki neita því. En við munum á engan hátt taka við Íslendingum á kostnað íslenska heilbrigðiskerfisins,“ segir hann.

Gunnar kom einnig að félaginu Prima Care sem hugðist reisa sjúkrahótel á sama stað í Mosfellsbænum sem ekki tókst að fjármagna.

ingvar@frettabladid.is






## Sjö hljómsveitir gætu afboðað sig

**VESTMANNAEYJAR** Sjö af vinsælustu hljómsveitum landsins tilkynntu í gær að þær myndu ekki koma fram á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár eins og til stóð nema stefnubreyting yrði hjá yfirvöldum í Eyjum, og það strax. Yfirvöld brugðust við tilkynningunni með því að segja að um misskilning væri að ræða. Tilkynningar er að vænta frá hljómsveitunum í dag.

Retro Stefson, Úlfur Úlfur, Agent Fresco, Emmsjé Gauti og Sturla Atlas sendu frá sér tilkynningu síðdegis í gær um að sveitirnar myndu afboða sig nema af stefnubreytingu yrði og í kjölfarið staðfestu Dikta og GKR að þær myndu ekki heldur koma fram.

Elliði Vignisson brást við yfirlýsingunni með því að segja að um misskilning væri að ræða. Allar upplýsingar yrðu veittar svo fljótt sem mögulegt væri.

Þjóðhátíðarnefnd ákvað í kjölfar yfirlýsingar hljómsveitanna að bjóða Stígamótum og Neyðarmóttöku Landspítalans að taka út forvarnarstarf, gæslu og viðbragðsteymi á Þjóðhátíðinni.



**Retro Stefson, Úlfur Úlfur, Agent Fresco, Emmsjé Gauti og Sturla Atlas munu senda frá sér tilkynningu í dag.**

Í tilkynningu frá nefndinni kom fram að ÍBV íþróttafélag, sem skipuleggur og heldur Þjóðhátíð Vestmannaeyja, geri allt sem í þess valdi sé til að tryggja öryggi hátíðargesta. Félagið hafi hins vegar ekki ákvörðunarvald yfir því hvenær eða með hvaða hætti lögregluyfirvöld kjósi að segja frá hugsanlegum lögbrotum sem framin eru á hátíðarsvæðinu. – sg




**NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT**

Í dag opnar Brimborg nýjan sýningarsal fyrir Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík og hefur þar með formlega sölu Peugeot bíla á Íslandi. Brimborg mun bjóða alla bílalínu Peugeot með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar verða einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.
> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst



Helen Clark gagnrýnir frammistöðu SÞ í friðar- og öryggismálum harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sameinuðu þjóðirnar hafi staðið sig illa

**BANDARÍKIN** „Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki staðið sig mjög vel í friðar- og öryggismálum,“ segir Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands.

Hún er ein þeirra sem helst þykja koma til greina sem arftaki Ban Kimoons í stöðu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

„Ef við ætlum að ná árangri í baráttunni gegn ofbeldisöfgum þá er það fleira en bara leyniþjónusta og hernaðarsamstarf sem skiptir máli,“ sagði hún í viðtali við breska blaðið The Guardian. „Það þarf að ráðast að rótum vandans. Og það þýðir að það þarf að skoða þróunarmál, mannréttindi og friðarstarf: Hvernig er hægt að stilla þetta saman til að takast á við þessi mál?“

Það er allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem formlega kýs framkvæmdastjórann, en í reynd er það öryggisráðið sem ræður og þá hafa fastaríkin fimm neitunarvald. **– gb**

## Lögregluaðgerðir í París



Lögreglan í Frakklandi vakti athygli í gær þegar hún stóð vörð í Argenteuil, nærri París. Frakkar eru varir um sig eftir árás sem gerð var í Nice á dögunum. En fullyrt er að aðgerðirnar í París tengist á engan hátt því ódæði. NORDICPHOTOS/EPA



Hillary Clinton ásamt Tim Kaine, sem líklegur þykir til að verða varaforsetaefni hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Clinton á lokametrunum að velja varaforsetaefnið

**BANDARÍKIN** Búist er við því að Hillary Clinton kynni varaforsetaefni sitt á morgun. Tim Kaine, öldungadeildarþingmaður frá Virginíu, þykir koma sterklega til greina, ekki síst eftir að Bill Clinton sagðist styðja hann.

Annar líklegur er Tom Vilsack, dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Baracks Obama. Fleiri koma til greina og nánustu samstarfsmenn Clinton, sem bandarískir fjölmiðlar hafa rætt við, segjast ekki vita hvort hún sé búin að taka ákvörðun.

Fréttamiðillinn The Intercept greindi á þriðjudag frá því að Kaine hefði verið að hvetja yfirvöld til þess að létta tilteknum reglum af fjármálaviðskiptum, sem benti til þess að hann ætlaði sér að vera bönkum innan handar.

Clinton hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa í kosningabaráttunni þegið mikið fé frá fjársterkum öflum, sem eigi þá hönk upp í bakið á henni. **– gb**

## Orsakasamhengi fundið milli astma og raka

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýnt hefur verið fram á orsakasamhengi milli aukningar astma við raka og myglu.

„Tengslin eru sterkust við rakaskemmdir, sýnilegar skemmdir og lykt,“ segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur hjá Húsi og heilsu sem gerir rannsóknir og veitir ráðgjöf varðandi innivist.

Sylgja er nýkomin af ráðstefnu þar sem þessar niðurstöður voru kynntar af Mark Mendell sem er virtur innan geirans.

„Orsakasamhengið finnst ekki með loftsýnatökum á gróum enda sýna þannig sýnatökur aðeins brot af því sem er í húsnæði þar sem er raki. Það þarf að huga að öðrum eiturefnum, afleiðiefnum og rykefnum,“ segir Sylgja. **– ebg**

# Munu innsigla íbúðina ef ekki fæst leyfi

**Jóhanna Andrea Hjartardóttir er ein fimmtíu íbúðareigenda sem fulltrúar ríkisskattstjóra og lögreglan heimsóttu á miðvikudag. Sviðsstjóri eftirlits ríkisskattstjóra segir að spjótunum sé beint að höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.**

**SAMFÉLAG** „Það var bankað harkalega og mjög ítrekað og ég hélt að það væri verið að brjótast inn,“ segir Jóhanna Andrea Hjartardóttir en hún er ein af fimmtíu manns sem fulltrúar embættis ríkisskattstjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fóru til vegna Airbnb-leigu á miðvikudag. Jóhanna býr sjálf í risíbúð hússins en íbúðin sem hún leigir út er á hæðinni fyrir neðan.

Tveir menn frá ríkisskattstjóra og einn lögregluþjónn mættu til Jóhönnu um kvöldmatarleytið. „Það dundu yfir mig spurningar, til dæmis hvort íbúðin væri til útleigu, hvort ég væri með leyfi og hvort ég væri í vinnu,“ segir Jóhanna en hún reyndi hvað hún gat að sækja um leyfi hjá sýslumanni í fyrra en fékk neitun. „Ég var búin að reyna allt til að fá leyfið. Því var svo hafnað meðal annars vegna brunaútgönguleiðar en húsið er friðað og því erfitt fyrir mig að breyta,“ segir Jóhanna en hún er með endurskoðanda sem sér um að gefa tekjur af leigunni upp.

Henni var tilkynnt að ef hún myndi ekki fá leyfi innan tveggja daga yrði lokað fyrir íbúðina. „Þeir sögðu að ég yrði að gera ráðstafanir og sannfæra sýslumann annars yrði lokað fyrir íbúðina. Lögreglumaðurinn var með svona innsiglisborða sem hann sýndi mér,“ segir Jóhanna en það voru gestir í íbúðinni þegar atvikið átti sér stað. „Þau voru að labba inn þegar þau sáu lögregluna banka með ofsa á hurðina. Þau þorðu ekki að labba inn og fóru í burtu þangað til þeir voru farnir.“

Jóhanna veit ekki hvað gerist í framhaldinu en starfsmaður hjá ríkisskattstjóra hringdi í hana í gær og ítrekaði upplýsingarnar.

Sigurður Jensson, sviðsstjóri eftirlits ríkisskattstjóra, segir enga heimild til staðar til að loka íbúðum ef þær eru hluti af heimili. „Ef það er hins vegar sjálfstæð eining sem er ekki hluti af heimili þá er heimild til þess að loka á grundvelli leyfisleysis eða ef menn eru ekki að standa í skilum.“

Sigurður segir að spjótunum sé beint að höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum og að eftirlitið sé með sérstaka starfsmenn sem séu að skoða heimagistingarmál.

**fanney@frettabladid.is**



Áttatíu prósent þeirra íbúða sem voru skoðaðar á miðvikudag voru ekki með leyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**» Sigurður Jensson, sviðsstjóri eftirlits ríkisskattstjóra, segir enga heimild til staðar til að loka íbúðum ef þær eru hluti af heimili.**

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM75250

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Fimm ár liðin frá hryðjuverkum Breiviks í Ósló og Útey

**SAMFÉLAG** Minningarathöfn Ungra jafnaðarmanna til að minnast fórnarlamba hryðjuverkaárása Norðmannsins Anders Behring Breivik fer fram við Minningarlundinn í Vatnsmýri klukkan 17.30 í dag. Fimm ár eru nú liðin frá árásunum þar sem Breivik myrti 77 manns. Átta fórust í sprengingu í Ósló en 69 voru skotnir til bana í Útey þar sem ungir jafnaðarmenn í Noregi voru með sumarbúðir.

„Við ætlum að hittast við Minningarlundinn í Vatnsmýri og ætlum að fá Semu Erlu Serdar til að segja nokkur orð í minningu fórnarlambanna. Hún mun örugglega tala út frá þeim vinkli sem hún er búin að vera með í umræðunni undanfarið, hatursorðræðu,“ segir Óskar Steinn Ómarsson, ritari Samfylkingarinnar. Einnig mun Matthew Deaves, Breti og félagi í Ungum jafnaðarmönnum, segja nokkur orð um bresku þingkonuna Jo Cox sem var myrt fyrr í sumar.

Óskar Steinn segir mikilvægt að árásirnar gleymist ekki í ljósi uppgangs þjóðernissinna í Evrópu. „Við þurfum alltaf að vera á varðbergi. Við megum ekki gleyma sögunni, því hún endurtekur sig,“ segir hann. „Þessi þróun í Evrópu er sem betur fer ekki jafn öfgafull hérna heima. Við þurfum að passa að snúa þeirri þróun við áður en hún verður jafnslæm,“ segir Óskar. **– þea**

**77**

**manns féllu fyrir hendi Breiviks í Ósló og Útey þann 22. júlí 2011.**



**Frá minningarathöfninni í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Tæki dauðarefsingu fram yfir ESB-aðild

**Erdogan Tyrklandsforseti virðist staðráðinn í að brjóta hreyfingu Fetúllas Gülen á bak aftur og kennir henni um valdaránstilraunina sem gerð var um síðustu helgi. Neyðarástandi hefur verið lýst yfir og Mannréttindasáttmáli Evrópusambandsins numinn úr gildi.**

**TYRKLAND** Mannréttindasáttmáli Evrópusambandsins verður numinn úr gildi næstu þrjá mánuðina hið minnsta, meðan neyðarlög eru í gildi í landinu.

Þetta fullyrti Numan Kurtulumus, aðstoðarforsætisráðherra Tyrklands, í viðtali við ríkisfréttastofuna Anadolu.

Recep Tayyip Erdogan forseti segir að það ráðist af vilja þjóðarinnar hvort dauðarefsing verði lögleidd að nýju. Ákvörðunina muni þjóðþingið taka, en ekki hann sjálfur. Ef það þýðir að Tyrkland geti aldrei fengið aðild að Evrópusambandinu, þá verði bara að hafa það.

„Heimurinn er ekki bara Evrópusambandið,“ sagði hann í viðtali við fréttastofuna Al Jazeera, og benti á að dauðarefsing væri í gildi í Bandaríkjunum, Rússlandi og víðar. „Í 53 ár höfum við bankað á dyrnar hjá Evrópusambandinu. Ef þjóð ákveður þetta þá eiga öll ríki sem hafa trú á lýðræðinu að virða það.“

Í viðtalinu sagðist hann telja að uppreisnin hefði ekki endanlega verið brotin á bak aftur.

Hann ítrekaði ásakanir sínar á hendur Gülen-hreyfingunni, sem hann telur hafa staðið að valdaránstilrauninni sem brotin var á bak aftur um síðustu helgi. Hann sagði líka vel hugsanlegt að önnur ríki hefðu átt þar hlut að máli.

Hann sakaði liðsmenn Gülen-hreyfingarinnar um persónudýrkun og sagði að þeim væri engan veginn treystandi.

Fetúlla Gülen var reyndar lengi vel náinn bandamaður Erdogans, en svo virðist sem Erdogan hafi snúist harðlega gegn Gülen og hreyfingu hans fyrir fjórum árum eða svo, í beinu framhaldi af opinberum rannsóknum á hendur flokksfélögum og ættingjum Erdogans fyrir spillingu.

Eftir það snerist Erdogan til varnar og tók að láta reka og handtaka dómara, lögreglumenn, aðra embættismenn og yfirmenn í hernum. Þá var spjótunum beint sérstaklega gegn fjölmiðlum, sem höfðu leyft sér að gagnrýna Erdogan og stjórn hans. Þessir fjölmiðlar hafa flestir verið á snærum Gülen-hreyfingarinnar og svo virðist sem Erdogan telji flesta sem eru andsnúnir honum í landinu tengjast þeirri hreyfingu.

Erdogan þvertók hins vegar, í viðtalinu við Al Jazeera, fyrir að vera andvígur tjáningarfrelsinu, en tjáningarfrelsið ættu menn ekki að nota til að ráðast á aðra. Svo sagði hann spyrjandann, fréttamann frá Al Jazeera, vera í góðri aðstöðu til að svara því hvort fjölmiðlar væru ekki frjálsir í Tyrklandi, enda starfaði Al Jazeera þar í landi. Og í lok viðtalsins þakkaði hann Al Jazeera sérstaklega fyrir að hafa fjallað af nærfærni um atburðina.

„Við verðum áfram innan lýðræðislegs þingfyrirkomulags, við munum aldrei víkja frá því,“ sagði Erdogan í viðtali við fréttastöðina Al Jazeera.

„Hins vegar,“ bætti hann við, „verður allt gert sem nauðsynlegt er til að tryggja frið og stöðugleika í landinu.“ **gudsteinn@frettabladid.is**



**Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, þvertekur fyrir það að vera andvígur tjáningarfrelsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Við verðum áfram innan lýðræðislegs þingfyrirkomulags, við munum aldrei víkja frá því. Hins vegar verður allt gert sem nauðsynlegt er til að tryggja frið og stöðugleika í landinu.**

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands

**Fetúlla Gülen var lengi vel náinn bandamaður Erdogans, en svo virðist sem Erdogan hafi snúist harðlega gegn Gülen og hreyfingu hans fyrir fjórum árum eða svo.**

## Flugmennirnir handteknir

Tveir tyrkneskir herflugmenn, sem tóku þátt í að skjóta niður rússneska herþotu í nóvember síðastliðnum, hafa verið handteknir í tengslum við valdaránstilraunina sem gerð var um síðustu helgi.

Samskipti Rússlands og Tyrklands versnuðu mjög í kjölfarið, en hafa skánað mjög eftir að Erdogan Tyrklandsforseti bað Rússa nýverið afsökunar á þessu.

Erdogan hyggst hitta Vladimír Pútín Rússlandsforseta í byrjun næsta mánaðar.





Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn - lægra verð

# TILBOÐ

**NÝ HEIMASÍÐA - WWW.BILALAND.IS**

## Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum!

## Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152193



TOYOTA COROLLA TERRA
Nýskr. 06.08 ekinn 138 þús. km,
bensín, beinskiptur.
**Verð áður: 1.590 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.190 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 143251



MERCEDES BENZ GLK 220
Nýskr. 05/15, ekinn 38 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 6.990 þús. kr.**

**TILBOÐ 5.990 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 340140



BMW 116D
Nýskr. 09.05, ekinn 164 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.590 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.090 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 283432



TOYOTA PRIUS HYBRID
Nýskr. 11.08, ekinn 114 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.980 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.390 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 283533



RENAULT CLIO SPORT TOURER
Nýskr. 12.11, ekinn 60 þús. km,
dísil, beinskiptur.
**Verð áður: 1.590 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.290 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 360008



HYUNDAI I40 SEDAN STYLE
Nýskr. 11.12, ekinn 43 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.990 þús. kr.**

**TILBOÐ 4.090 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 143233



BMW X5 4.8IS
Nýskr. 07.07, ekinn 99 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 5.480 þús. kr.**

**TILBOÐ 4.690 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 360035



HYUNDAI I30 COMFORT
Nýskr. 07.08, ekinn 136 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.590 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.290 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 120935



HYUNDAI I20 CLASSIC
Nýskr. 10/12, ekinn 62 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.940 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.590 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 120923



TOYOTA LAND CRUISER 150 VX
Nýskr. 07/14, ekinn 41 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 10.700 þús. kr.**

**TILBOÐ 8.990 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152024



BMW 320D
Nýskr. 12/16, ekinn 97 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.990 þús. kr.**

**TILBOÐ 2.290 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152036



RANGE ROVER SUPERCHARGED
Nýskr. 09.05, ekinn 151 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.490 þús. kr.**

**TILBOÐ 2.890 þús.kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152197



AUDI A6 TURBO
Nýskr. 06.00, ekinn 180 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 890 þús. kr.**

**TILBOÐ 490 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 320477



HYUNDAI IX35 COMFORT
Nýskr. 05.15, ekinn 33 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.990 þús. kr.**

**TILBOÐ 4.190 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152013



BMW X5 XDRIVE 30D
Nýskr. 10.13, ekinn 19 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 9.680 þús. kr.**

**TILBOÐ 8.590 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 360036



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 06.08, ekinn 219 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.390 þús. kr.**

**TILBOÐ 1.490 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152011



NISSAN E-NV200
Nýskr. 10.15, ekinn 2 þús. km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.990 þús. kr.**

**TILBOÐ 3.490 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152032



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05.14, ekinn 79 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 6.480 þús. kr.**

**TILBOÐ 5.190 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 152018



SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 05.14, ekinn 81 þús. km,
bensín, beinskiptur.
**Verð áður: 3.890 þús. kr.**

**TILBOÐ 2.690 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

FRÁBÆR KAUP — Rnr. 283286



PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 08.14, ekinn 10 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 12.900 þús. kr.**

**TILBOÐ 9.900 þús. kr.**

Staðsetning: Kletthálsi 11

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**

# FÖSTUDAGSVIÐTAL



**Utanríkisráðherra segir nauðsynlegt að Íslendingar kjósi um hvort þeir vilji ganga í Evrópusambandið eða ekki.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fylgst með Hillary Clinton í tuttugu ár

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir kom eins og stormsveipur inn í stjórnmálin fyrr á árinu. Hún er utanþings- og utanríkisráðherra fyrir Framsóknarflokkinn. Fátt hefur verið meira í kastljósi íslenskra fjölmiðla en heimsmálin undanfarið og því nóg að gera hjá nýjum ráðherra.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Evrópa stendur á tímamótum. Meðal annars vegna Brexit. Það kom mörgum á óvart að þeir skyldu ganga úr Evrópusambandinu. En ég segi, það er ekki aðalmálið; sjálf kosningin eða niðurstaðan. Það er undirliggjandi þrýstingur og óánægja með sambandið,“ segir Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra. Úrsögn Breta úr ESB hefur án efa mikil áhrif á þróun sambandsins og álfunnar. Afleiðingarnar munu birtast okkur á næstu mánuðum og árum, en þegar hefur óstöðugleiki gert vart við sig á gjaldeyrismörkuðum.

Lilja segir Breta löngum hafa verið skeptíska gagnvart ESB. „Gagnvart þessari pólitísku dýpkun sambandsins. Frakkar hafa á meðan verið því mjög hlynntir. Og þarna verða ákveðin átök sem koma fram á yfirborðið og þess vegna er þessi þjóðaratkvæðagreiðsla. Ég held að sumu leyti að ef Frakkar, Þjóðverjar og fleiri stærri ríki sem eru í ESB nýta þetta tækifæri til þess að skýra svolítið stefnu Evrópusambandsins myndi það breyta miklu.“

**Óljós pólitísk forysta**

Hún segir ESB ekki enn hafa jafnað sig á skuldakreppunni. „Auðvitað hefur sumum ríkjum vegnað vel, til að mynda Írlandi. Jafnvel þó að atvinnuleysi sé enn mjög mikið og skuldirnar miklar. En svo tölum við um Grikkland eða Ítalíu. Á Ítalíu til að mynda er bankakreppa núna. Það eru margir ítalskir bankar í miklum vanda og deilur um hvernig menn eigi að koma með fé inn í bankakerfið. Ítalir vilja gera þetta sjálfir. Og þarna kem ég að því sem er að mínu mati mesti vandi sambandsins. Pólitísk forysta er svo óljós í ESB.“

Hún nefnir Grikkland sem dæmi, að stjórnmálamönnum í landinu finnist þeir ekki hafa nægileg áhrif á framtíð landsins, það sé stundum of mikil fjarlægð milli landstjórnanna og stjórnar sambandsins. „Ef við berum þetta saman við Bandaríkin; forseti Bandaríkjanna ber jú alltaf ábyrgð á stefnu bandarískra stjórnvalda og hann þarf að standast próf á fjögurra ára fresti. Það vantar andlit á forystu ESB. Þess vegna held ég að þetta hafi farið svona hjá Bretum.“

Lilja segir þó brýnt fyrir Íslendinga að Evrópa standi sterk. „Vegna þess að um 80 prósent af öllum okkar útflutningi fara inn á þann markað. Það er ekki hagstætt fyrir okkur að það sé of mikil krísa í Evrópusambandinu. Jafnvel þó meirihluti þjóðarinnar vilji ekki ganga í sambandið og að mér persónulega finnist að það eigi ekki að vera okkar stefna.“

**Undirliggjandi vandi**

Lilja segist impóneruð yfir hvernig tekið var á málunum eftir að niðurstöður Brexit-kosninganna lágu fyrir. „Theresa May er að koma mjög vel út. Það var auðvitað ákveðin pólitísk upplausn og tómarúm í smá tíma en Bretland er stórveldi. Sjötta stærsta hagkerfi heimsins. Það kemur ekki á óvart að þeir taki málin föstum tökum.

> **Theresa May er að koma mjög vel út. Það var auðvitað ákveðin pólitísk upplausn og tómarúm í smá tíma en Bretland er stórveldi. Sjötta stærsta hagkerfi heimsins. Það kemur ekki á óvart að þeir taki málin föstum tökum.**

Það sem ég held að muni gerast núna er að þeir ætli að skilgreina sín samningsmarkmið áður en þeir fara í viðræður. Það eru sameiginlegir hagsmunir fyrir ESB og Bretland að það náist góð lending í þessu máli.

Það verða allir að taka fyllilega mark á þessari þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að þetta er ekki bara þessi niðurstaða. Það er undirliggjandi vandi hjá Evrópusambandinu og það held ég að leiðtogar ESB muni reyna að gera það. Við munum færast frá þessari miðstýringu og menn huga frekar að innviðum sambandsins. Það sem ég sé fyrir mér er að það fari meira vald til aðildarríkjanna og þessi pólitíska dýpkun eigi eftir að minnka. Ég vonast til þess. Ég held að það yrðu minni afskipti af öllu mögulegu. Pólitísk ábyrgð er ekki nægilega skýr eins og ESB er sett upp í dag,“ útskýrir Lilja og heldur áfram.

**Vantar tengingu við almenning**

„Við erum með alveg ofboðslega valdamiklar stofnanir innan þess, framkvæmdastjórnina og annað slíkt og ég held að það skorti svolítið tenginguna við almenning, eða almenningur að minnsta kosti upplifir það. Það er að mörgu leyti þannig. Og þess vegna segi ég varðandi stöðu Íslands; við erum lítið hagkerfi og það gengur allt út á að greiðslujöfnuður þjóðarbúsins sé sjálfbær. Að mínu viti kemur aðild aldrei til greina ef við höfum ekki fulla stjórn á fiskveiðistefnu þjóðarinnar.“

**Nauðsynlegt að spyrja þjóðina**

Lilja segir umboð frá þjóðum sem vilja sækjast eftir aðild að sambandinu þurfa að vera mjög skýrt. „Það skorti þegar við fórum í síðustu vegferð og þess vegna fór það eins og það fór. En ég trúi því að það sé algerlega nauðsynlegt að spyrja þjóðina hvort hún vilji ganga inn í ESB. Já eða nei. Ekki spyrja um það hvort menn vilji halda aðildarumsókn áfram – það er alltof óljóst.“

*En þeir sem vilja sjá samninginn áður en þeir svara?* „Ég held að það sé mikilvægara þegar þú ferð í svona samningaviðræður að þeir sem þú ert að tala við viti að samninganefndin hafi þjóðina á bak við sig.“

*En sjálf vildirðu ganga inn í ESB á sínum tíma?* „Ég var aðili að Evrópusamtökunum í kringum 2004 og 2005. Það sem ég vildi gera var hreinlega að auka umræðu um kosti og galla Evrópusambandsins. Ég var ekki búin að taka afstöðu til þess hvort við ættum að sækja um aðild. Svo hefur auðvitað margt gerst síðan, fjármálaáfallið 2008 og sú vinna sem ég var í þegar ég var í Seðlabankanum og við sáum í raun og veru hvernig þetta var. Ég var t.d. mjög mótfallin því hvernig var tekið á okkar málum hjá stjórn AGS á sínum tíma, í tengslum við Icesave.“

**Standa saman þegar erfitt er**

*Svo við förum aftur inn í bresk stjórnmál. Hvað með flækjurnar? Skota og Norður-Íra sem eru ekki endilega sáttir við þessa niðurstöðu?* „Þetta er að sjálfsögðu mikil pólitísk áskorun fyrir þá. Það er þannig stundum eins og þegar fjármálaáfallið ríður yfir okkur árið 2008, sumt var maður afskaplega ósáttur við, ég nefni landsdóminn sem dæmi um það, en það gerist stundum líka að þjóðin stendur mjög vel saman þegar það eru erfiðir tímar. Það held ég að breska þjóðin sé að gera akkúrat núna og ég verð að segja að mér finnst May byrja mjög vel. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt fyrir Evrópu vegna þess að Bretland í gegnum aldirnar, og ég tala nú ekki um á síðustu öld, hefur verið ákveðinn áttaviti í pólitískri þróun og hagsögu Evrópu. Þannig að þeir eru okkur Íslendingum og Evrópu allri mjög mikilvæg þjóð.“

**Tvær leiðir hugsanlegar**

*En hvaða áhrif hefur þetta á sambandið? Hvernig eiga menn að snúa sér í þessu?* „Ég hugsa að það séu tvær leiðir í þessu. Annars vegar eitt af því sem verið er að tala um, að það verði gerður útgöngusamningur við Breta. Þá hlýtur ESB að hugsa: Við megum ekki gera þannig samning að önnur ríki fari að hugsa sér gott til glóðarinnar. Þeir verða að passa að sambandið leysist ➡



Öflug þjónusta við leigjendur
Almenna leigufélagið býður leigjendum sínum sólarhringsþjónustu
Leigjendur okkar vita nákvæmlega hvert þeir eiga að leita ef íbúðin þeirra þarfnast viðhalds og þökk sé góðu samstarfi við Securitas getum við sinnt neyðartilfellum allan sólarhringinn. Almenna leigufélagið hefur gert leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði með því að tryggja leigjendum örugga búsetu.
„Öll umsjón er til fyrirmyndar og vel hugsað um sameign og lóð. Okkur fjölskyldunni líður rosalega vel hérna."
– Selma, íbúi í Brautarholti
„Ég hef alltaf búið í eigin húsnæði en er nú að leigja í fyrsta sinn. Ég hafði heyrt margar hryllingssögur af leigusölum en þjónustan hefur verið góð og ábendingum vegna viðhalds alltaf sinnt fljótt og vel."
– Gylfi, íbúi við Skyggnisbraut
„Við erum mjög ánægð með að hafa komist beint í langtímaleiguíbúð eftir langa dvöl erlendis."
– Elías og Birna, íbúar í Hátúni
Langtíma leigusamningur
Sveigjanleiki
24/7 þjónusta
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
almennaleigufelagid.is
SECURITAS
Samstarf Almenna leigufélagsins og Securitas tekur til allra íbúða félagsins.
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

# FÖSTUDAGSVIÐTAL

ekki upp. En það er síðan auðvitað þróun sem mörgum hugnast líka. Ég hugsa að til að byrja með muni Bretar einblína á útgöngusamning, en svo hefur verið ákveðin umræða um það hvort þeir ættu að fara inn í EES-samninginn. Þeir eru auðvitað að leita eftir alls kyns upplýsingum, öllum upplýsingum um EES-samninginn, þeir eru að skoða hvað EFTA-aðild þýðir, þeir eru að skoða annarrar kynslóðar fríverslunarsamninga. Þeir eru í raun og veru að búa til matseðil og hugsa: Hvað hentar okkar hagsmunum og hvernig kemur þetta best út fyrir okkur? Þeir eru að vinna ákveðna heimavinnu þessa dagana og svo er auðvitað ESB á móti að hugsa: Hvernig pössum við upp á stöðugleika og einingu hjá okkur?“



Lilja er alþjóðahagfræðingur að mennt. Hún var ein þeirra sem vann að afnámi gjaldeyrishafta. Hér er Lilja á blaðamannafundi um afnám hafta ásamt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ekkert plan B**

*En hefði Bretland ekki átt að vera búið að vinna þessa heimavinnu áður en kosningin fór fram?* „Ég bjóst ekki við því að það væri ekkert plan B, ég get alveg verið hreinskilin með það. En þeir munu vinna þetta upp mjög hratt. Núna eru mörg ríki sem vilja gera góðan fríverslunarsamning. Við höfum lýst því yfir. Við erum í forystu fyrir EFTA-ríkin, í fréttatilkynningu frá okkur kom strax fram að við hefðum mikinn áhuga á því að ræða við bresk stjórnvöld um framvindu mála og eiga í sterku viðskipta- og efnahagslegu sambandi við Breta. Ástralar hafa komið fram, Suður-Kórea hefur komið fram, Bandaríkin og fleiri. Þannig að það er allt á fleygiferð.“

**Innflytjendur búbót**

Innflytjendamál spiluðu heilmikla rullu í aðdraganda kosninganna í Bretlandi og sitt sýndist hverjum. Lilja segir ljóst að mörgum hafi fundist vera of mikill flutningur á fólki til Bretlands á skömmum tíma.

„En eins í Bretlandi og á Íslandi hafa innflytjendur reynst mjög mikilvæg búbót í þeirra hagkerfi.“

*Sema Erla Serdar, formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi, sagði á dögunum að kosningabaráttan í kringum Brexit hefði það í för með sér að það væri félagslega viðurkenndara en áður að vera rasisti í Bretlandi. Ertu sammála þessu? Hvað með innflytjendamálin á Íslandi?* „Það eru alltaf einhverjir einangraðir hópar eða einstaklingar sem framfylgja öfgaskoðunum. Íslenskt samfélag vill alls ekki vera þannig statt að mínu mati. Innflytjendur hér á landi fyrir kannski fimmtán árum voru í kringum þrjú prósent þjóðarinnar. Í dag eru þeir í kringum níu til tíu prósent. Og sumum finnst þetta ansi hröð þróun.

En ég held að það sem við erum að sjá hér á Íslandi sé að þeir hafa náð að laga sig mjög vel að samfélaginu. Það þarf auðvitað alltaf að vera jafnvægi í öllu til þess að það komi vel út. Ég held að það sem sé vandamálið séu þjóðfélagshópar sem eiga erfitt með að laga sig að þeim gildum sem eru í hverju samfélagi. Maður vill auðvitað að þeir sem komi til Íslands virði þau mannréttindi sem er búið að vinna að. Þá nefni ég sérstaklega stöðu kvenna. Mér finnst afskaplega mikilvægt að menn séu aldrei í nokkrum vafa um það hver staða kvenna sé í íslensku samfélagi, ég meina við erum búin að vera að vinna að framgangi þess í 150 ár og það á ekkert að breytast.“

**Standa þarf fast á gildum**

*En það virðist sem það sé aukin kynþáttaspenna víða þessi dægrin, í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þjóðernisflokkar að skjóta rótum. Hvernig á að bregðast við?* „Númer eitt er að skilgreina vandann og sjá hvar hann liggur og hvað er hægt að gera. Ég er á þeirri skoðun að þeir innflytjendur sem hafa verið að koma hingað hafi staðið sig mjög vel. Við þurfum að standa fast á þeim gildum sem eru okkur hugleikin og ekki vera feimin við það. Annars finnst mér John Kerry hafa orðað þetta afar vel á leiðtogafundi Nató nú um daginn: Ef það er ekki von og fólk sér ekki að það eigi tækifæri innan þess samfélags þar sem það er þá er alltaf ákveðin hætta á ferðum. Það verður aldrei hægt að eyða öllum vandamálum algerlega. En það þarf að virða ákveðin grunnmannréttindi. Þá er alltaf von.“

**Mikilvægir bandamenn**

*Talandi um Nató, er ekki svolítið að fjara undan varnarbandalaginu? Einn stærsti her bandalagsins stendur að valdaránstilraun sem virðist svo illa skipulögð að umheimurinn gapir af undrun?* „Þessi staða í Tyrklandi er auðvitað mjög slæm að mínu mati. Þær fregnir sem við erum að fá af viðbrögðum tyrkneskra stjórnvalda; það er greinilegt að það er verið að ráðast á dómstigið núna. Þetta eru afskaplega slæmar fréttir fyrir Evrópu og fyrir Bandaríkin. Fyrir okkur öll vegna þess að þetta hefur verið okkur mikilvægur bandamaður og landfræðileg lega Tyrklands skiptir máli í þessum efnum. En það er auðvitað þannig að þeir eru aðilar að okkar lykilstofnunum þar sem við leggjum mikla áherslu á að mannréttindi séu virt. Við stöndum vörð um réttarríkið og þeim skilaboðum verður að sjálfsögðu komið mjög skilmerkilega á framfæri við tyrknesk stjórnvöld.“

> Maður vill auðvitað að þeir sem komi til Íslands virði þau mannréttindi sem er búið að vinna að. Þá nefni ég sérstaklega stöðu kvenna

> Ef það er ekki von og fólk sér ekki að það eigi tækifæri innan þess samfélags þar sem það er þá er alltaf ákveðin hætta á ferðum

> Við stöndum vörð um réttarríkið og þeim skilaboðum verður að sjálfsögðu komið mjög skilmerkilega á framfæri við tyrknesk stjórnvöld

**Bera sig saman við Íran**

*Nú hafa sumir haldið því fram að Erdogan hafi sviðsett heila klabbið; ef að það er rétt, er hægt að vinna með slíku fólki í varnarbandalagi?* „Já, það er kannski fullsnemmt að segja til um það. Sumir segja að það sé sennilega útilokað að Erdogan hafi staðið að baki þessu sjálfur, meðan aðrir koma með ákveðin rök í þeim efnum; til að mynda að þeir gangi ansi hratt og örugglega inn í dómstigið, inn í menntakerfið og á aðra staði sem eru opnum lýðræðisþjóðfélögum mjög heilagar stofnanir. Það kemur á óvart og er ógnvænlegt.“

*Hvaða áhrif mun þetta hafa?* „Þetta er það sem við erum öll að spyrja okkur að. Ég veit að margir Tyrkir eru að bera sig saman við Íran, þegar keisarastjórninni var steypt af stóli á sínum tíma. Lýsingarnar á því og svo hvernig Íran, sem var leiðandi ríki á sínum tíma, hefur þróast síðan. Spekilekinn sem hefur verið í Íran í kjölfar klerkastjórnarinnar er gríðarlegur.

Það er ein bók sem mér verður hugsað til eftir Shirin Ebadi sem fékk friðarverðlaun Nóbels. Þar lýsir hún aðdraganda þess að klerkastjórnin kemur til valda og hvað gerist. Hún var til dæmis dómari í landinu og var þeirrar skoðunar að stjórnvöld þar í landi væru tiltölulega spillt og hún vildi breytingar. Einn daginn þurfti hún að leita til læknis í Bandaríkjunum og þegar hún kom aftur, nokkrum vikum seinna, var hún ekki lengur dómari, heldur ritari. Þetta er svona sýnidæmi um hvað hlutirnir geta gerst hratt. Íran, sem hafði allan þennan auð og mannauð, væri statt allt annars staðar í heimspólitíkinni ef þróunin þar í landi hefði verið öðruvísi. Ég veit að margir Tyrkir bera sig nú saman við Íran og hafa áhyggjur.“

**Skelfilegar skotárásir**

Lilja bjó lengi í Bandaríkjunum og fylgist vel með þróun mála þar í landi. Hún segir vaxandi spennu milli kynþátta vera vonda.

*Finnst þér kynþáttaspenna hafa verið áberandi á þeim stöðum þar sem þú hefur búið?* „Ég hef búið í þremur borgum, lærði í New York-borg og í Minnesota – og svo vann ég í Washington DC. Þessi umræða er alltaf áberandi í Bandaríkjunum. Staða svartra er ekki jafn góð og staða hvítra og staða annarra innflytjendahópa. Það má líka ekki gleyma því að það er ekki lengra síðan en þegar Lyndon B. Johnson var forseti sem fyrstu alvöru skrefin voru tekin í því að rétta af stöðu þeirra. Auðvitað fann maður fyrir þessu. Eins og þessar skotárásir sem við höfum verið að horfa upp á. Þær eru skelfilegar.

Það þarf að veita svörtum tækifæri. Þegar þú ert búinn að vera undirmálshópur í árhundruð, þá er brekkan upp á við brött. Sumir hafa verið að gera á þá kröfur, spurt af hverju þeim vegni ekki jafn vel og t.d. asískum innflytjendum. Þá held ég að við verðum að horfa til sögunnar og hversu ofsalega erfið staða þeirra hefur verið. Þeir þurfa aðstoð. Ég held að skilningur á því hafi verið nokkur en hann muni aukast.“

**Kanar og byssur**

*Það er mikið talað um lögregluofbeldi og svo þessa byssueign Bandaríkjamanna. Hvernig heldurðu að framtíðin verði í þessum efnum?* „Eins og þið nefnið þá er byssueign mjög víðtæk og umfangsmikil og rétturinn til hennar gróinn í sálina. Kaninn nálgast þetta út frá heimspekinni, snýst allt um frelsi einstaklingsins til þess að verja sig og annað slíkt. Þetta dregur úr öryggi Bandaríkjamanna eins og staðan er í dag. Þegar við vorum í Washington DC til dæmis voru gerðar rosalegar ráðstafanir í skólanum hjá strákunum mínum, þar sem foreldrar máttu ekki lengur ganga inn á skólalóðina nema að fara í gegnum vopnaleit. Þetta var eftir einhverja skotárásina sem hafði átt sér stað skömmu áður. Þetta eru skert lífsgæði og þetta er sorglegt.“

**Hörkudugleg Hillary**

*En það er fleira að gerast í Bandaríkjunum. Sögulegar kosningar í nóvember – fyrsta konan eða Trump. Hvernig líst þér á?* „Ég hef fylgst með Hillary í tuttugu ár eða svo og alltaf verið hrifin af henni, hún er hörkudugleg, afskaplega vel greind og með ofboðslegt þol í pólitík, miðað við það mótstreymi sem hún hefur lent í. Mér er það minnisstætt þegar forsetatíð Bills Clinton var að ljúka og hún bauð sig fram til öldungadeildarinnar og gekk hreinlega hús úr húsi og náði þannig kjöri. Mér fannst hún afskaplega öflugur utanríkisráðherra, mjög fylgin sér. Það er alveg ljóst að hún er mjög kraftmikill kandídat. Ég hef ekki fylgst eins vel með Donald Trump.“

*Horfir þú sem sagt ekki á raunveruleikasjónvarp?* Lilja hlær. Segist hafa horft lítið á slíkt. „Ég hef fylgst meira með pólitík og efnahagsmálum. En Donald Trump er yfirlýsingaglaður og kyndir undir sjónarmiðum sem mönnum kannski hugnast ekki. Við vitum auðvitað ekki hvernig þessar kosningar fara en bandarísk stjórnsýsla er mjög öflug. Hann er auðvitað algjörlega óútreiknanlegur eins og við höfum rætt, en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að hann hefur nælt sér í tilnefningu síns flokks. Það er ekkert smá mál. Það er greinilega eitthvað sem hann er að gera sem er að höfða til ákveðins hóps. Ég held að fæst okkar hafi búist við því. En ég held að ef af verður muni hann koma á óvart sem forseti. Hann fær öfluga einstaklinga með sér og þeir munu geta sinnt þessu sæmilega.“

*Veita honum aðhald?* „Ég geri ráð fyrir því.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



# Allt fyrir baðherbergið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

CERAVID
Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**
**39.990**

Hæglokandi seta
Skál: „Scandinavia design"

Riga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.
**21.990**

Ido Seven D með setu
**44.990**
(frá Finnlandi)

IDO

Ido Trevi vegghengt með setu
**18.990**

Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **13.990**

Sturtuhaus 200 mm kr.
**4.995**

MIKIÐ ÚRVAL

## BOZZ sturtuklefi

90x90cm
**43.490**

80x80cm **41.990**

Fást einnig rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 43.990**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**





## BOZZ sturtuhorn

Ferkantað og rúnnað
80x80 cm **29.990**

Ferkantað og rúnnað
90x90 cm **31.990**

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm
**21.990**
Einnig til sem hornbaðkar



**Sturtu glerþil**
**8mm öryggisgler**
**Gæða frágangur**
2200x750 mm kr. **17.990**
2200x950 mm kr. **19.990**
2200x1200 mm kr. **22.990**

## BOZZ hitastýrð blöndunartæki

BOZZ- LH2202-3 Hitastýrt sturtutæki með uppstút kr.
**9.890** (rósettur fylgja)
einnig til með niðurstút kr. **9.890**

BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki
**13.990**

BOZZ-SH2101-1
Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
**31.990**
(rósettur fylgja)

BOZZ SH2205-3
Sturtusett m/hitastýrðu tæki
**26.990**
(rósettur fylgja)

EN 1111:1997

Mistillo MTG sturtusett
**14.990**

5 lítrar

2.990 1.490 1.590 2.590 1.290

Ryðfrír barki 220 cm kr.
**1.190**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Sakleysið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sakleysi er gimsteinn sem sérhver maður á.“ Það var Guðfinna Þorsteinsdóttir á Vopnafirði sem orti þessa fallegu línu undir skáldanafninu Erla. Eflaust var það engin tilviljun að kona skyldi yrkja þessa línu og skilja mikilvægi þess fyrir hverja manneskju að eiga sitt sakleysi – að eiga sig.

Konur þekkja það flestum körlum betur að líkami þeirra, ákvörðunarréttur og sjálf sé frá þeim tekið með valdi, með nauðgun. Og nauðgun er alltaf ofbeldi. Nauðgari rænir fórnarlamb sitt ekki aðeins réttinum yfir líkama sínum og sjálfsákvörðunum þá stund þegar ofbeldisverknaðurinn á sér stað. Nauðgari rænir fórnarlamb sitt sakleysinu, trúnni á annað fólk, lífskraftinum, sjálfstæðinu og jafnvel framtíðinni og lífinu sjálfu. Nauðgari er ofbeldismaður en fórnarlambið ber enga sök eða ábyrgð á því sem nauðgarinn gerir. Aldrei og án undantekninga. Þess vegna má kona vera drusla. Við megum öll vera druslur því ábyrgðin á nauðgun hefur ekkert með klæðaburð að gera eða hversu mörgum manneskjum viðkomandi hefur sofið hjá, er ríkur eða fátækur, fullur eða edrú.

„Sakleysi er gimsteinn sem sérhver maður á.“ Við eigum okkur sjálf. Konur og karlar, börn, unglingar og aldraðir. Að rjúfa þessi helgi manneskjunnar er glæpur sem hefur í för með sér afleiðingar. En staðreyndin er að afleiðingarnar eru mestar og verstar fyrir fórnarlamb glæpsins en ekki gerandann. Afleiðingarnar af nauðgun eru að fórnarlambið, sem er í langflestum tilfellum kona en gerandinn karl, upplifir einsemd og valdleysi yfir eigin líkama og ákvörðunum. Það er algengt að fórnarlömb nauðgana fyllist skömm og að líf þeirra sé um langa tíð skert af almennum lífsgæðum á borð við eðlilegt samneyti við annað fólk, viðunandi sjálfstrausti til þess að takast á við daginn og réttinum til þess að lifa án ótta. Það er allt rangt við þetta ástand og við það verður ekki unað. Samfélagið verður að leggjast á eitt um að skila skömminni til nauðgaranna, refsa þeim með viðeigandi hætti og endurheimta þann gimstein sem býr innra með hverri manneskju sem hefur verið svipt sakleysi sínu og sjálfi. Fórnarlambið á sakleysið en gerandinn glæpinn og skömmina.

Við þurfum öll að leggja okkur fram um að skilja það víti sem fórnarlömb nauðgana þurfa að þola og það getum við gert með því að vera druslur. Í ár leggja druslurnar áherslu á fræðslu og það er ekki vanþörf á. Fræðsla um afleiðingar nauðgana er mikilvægur liður í því að samfélagið og þar með mögulegir nauðgarar geri sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Fræðsla getur orðið til þess að fækka nauðgunum, halda skömminni af glæpnum hjá gerendum, létt undir með bataferli fórnarlamba, aukið skilning í ákæruferli, dómskerfi og samfélaginu í heild. Og á morgun gefst okkur tækifæri til þess að taka næstu skref í Druslugöngunni með fræðslu að vopni í baráttunni gegn nauðgunum og afleiðingum þeirra. Tækifæri til þess að stíga fram og sækja gimsteininn sem er sakleysi sérhverrar manneskju. Komdu með.

**Fórnarlambið á sakleysið en gerandinn glæpinn og skömmina.**

Halldór




## Frá degi til dags

**Leiguleyfi**

**Lögreglan og ríkisskattstjóri gerðu í fyrradag rassíu í Reykjavík til að athuga hvort eigendur íbúða sem leigja þær út á vefsíðunni Airbnb væru með leyfi. Í ljós kom að í flestum tilfellum, um áttatíu prósent þeirra sem fengu heimsókn frá yfirvöldum voru án leyfis. Lögreglan sagðist hafa fengið ábendingar um þær íbúðir sem skoðaðar voru, samband verður haft við eigendur og líklega verður gripið til þess ráðs að sekta þá sem voru leyfislausir.**

**Síðasti séns**

**Rassían er spaugileg í því ljósi að þann 1. júní síðastliðinn voru samþykktar breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald á Alþingi þar sem fólki verður gert kleift að leigja út fasteignir sínar í allt að níutíu daga á ári án þess að þurfa rekstrarleyfi frá stjórnvaldi. Í samtali við Vísi í gær sagði aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að margir gengju út frá því að lögin hefðu nú þegar tekið gildi – en þau taka ekki gildi fyrr en um áramótin. Það má því segja að andi nýrra laga hafi ekki náð inn fyrir dyr lögreglu og skattstjóra sem nýtir heimildir sínar fram til síðasta dags.** fanney@frettabladid.is

# „Þetta er ógeðslegt þjóðfélag“



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Fyrir skömmu hækkuðu laun forstöðumanna ríkisstofnana, formanna ríkisnefnda og æðstu embættismanna stjórnarráðsins um allt að 48%. Hæstu launin fóru í 1,6-1,7 milljónir á mánuði.

En ekki nóg með það. Hækkunin var látin gilda 19 mánuði til baka. Það þýddi, að þeir hæst launuðu fengu 30-32 milljónir greiddar í einu lagi sem launauppbót!

**Of mikill lífeyrir**

Á sama tíma og þetta gerðist voru ýmsir eldri borgarar og öryrkjar að fá bréf frá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem þeir voru rukkaðir um háar fjárhæðir til baka, þar eð þeir hefðu fengið of mikið greitt í lífeyri í upphafi!

Með öðrum orðum: Hungurlúsin, tæpar 200 þúsund krónur og rúmlega 200 þúsund á mánuði eftir skatt, reyndist of há! Það þurfti að klípa af þessum upphæðum.

**Misskipting**

Og hvernig átti fólkið að borga það til baka? Því er ósvarað. Þetta hvort tveggja gerðist um svipað leyti. Misskiptingin í þjóðfélaginu kristallaðist í þessu tvennu, himinháum greiðslum til forstöðumanna og æðstu embættismanna og kröfum á aldraða og öryrkja um að greiða til baka.

**Fráleitt í fyrstu**

Mér komu þá í hug orð Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra: Þetta er ógeðslegt þjóðfélag. Mér þóttu þessi orð fráleit í fyrstu. En ég held ég taki undir þau í dag.

Styrmir sagði við rannsóknarnefnd Alþingis: „Ég er búinn að fylgjast með þessu þjóðfélagi í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag. Þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“

**Mér þóttu þessi orð fráleit í fyrstu. En ég held ég taki undir þau í dag.**




FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Allir eru unglingar

Í DAG
Bergur Ebbi



Einu sinni voru unglingar ekki til. Það voru til börn og svo urðu þau fullorðin. Litlir strákar léku sér með byssur og svo fengu þeir byssu, voru kannski orðnir hermenn fimmtán ára. Það var enginn umhugsunartími. Þarf ég að fara í þetta stríð? Vil ég vera hermaður? Til hvers eru stríð? Get ég ekki farið í lýðháskóla og fundið sjálfan mig fyrst? Og stelpur? Jú, þær voru litlar stelpur og svo voru þær frúr – búið að ráðstafa þeim eins og varningi og börnin stundum orðin þrjú eða fjögur fyrir tvítugt. Enginn tími til að hugsa um sjálfsmynd, langanir eða þrár.

Unglingamenning varð til eftir síðara stríð. Það ríkti friður og efnahagsleg velmegun á Vesturlöndum. Amerísk unglingamenning í frumbernsku sinni er haldin ævintýraljóma. Sweet Sixteen, rjómatertur, glymskrattar, sígarettur, blæjubílar, vanillusjeikar og löng, heit sumarkvöld með engisprettuhljóðum og hugleiðingum um framtíðina: skyldi ég finna þann eina rétta, ætti ég að skrá mig í háskóla, er lífið í borginni betra?

### Fermingarkynfræðsla

Líklega var þetta aldrei svona dísætt á Íslandi. Unglingamenning kom seinna og var harkalegri. Og í jeppa oft vil skreppa. Blautur lopi og brennivín. En unglingamenning var það samt. Þegar ég sjálfur kom til sögunnar var þetta orðið hluti af samfélagsgerðinni. Unglingsárin voru stofnanavædd. Í 10-12 ára bekk voru sérstakar kennslustundir í skólanum þar sem við vorum undirbúin fyrir óróatímabilið sem fyrir höndum var. Lífsleikni, jafningafræðsla, tjáning og kynfræðsla. Fermingarfræðslan fjallaði minna um Jesú en meira um leitina að sjálfsmynd.

En það skiptir engu hvað skandinavíska velferðin undirbýr mann mikið. Alltaf kemur lífið manni á óvart. Unglingsárin hættu aldrei. Ég varð nítján svo tvítugur og þarna átti þetta að vera búið og óvissan á enda. Nú átti efasemdunum að vera lokið og ég gæti hætt að leita að fyrirmyndum í lífinu enda orðinn slík sjálfur. Að vera fullorðinn snýst um að bera ábyrgð á vali sínu og smekk, að þurfa ekki sífellt að skima í kringum sig og sjá hvernig hinir gera það. Það eru bara unglingar sem gera svoleiðis.

### Veit einhver svörin?

En mér finnst ég enn vera að skima í kringum mig. Mér finnst reyndar langflestir vera að skima í kringum sig. Kveða upp hálfar hugsanir og bíða eftir að aðrir botni. Sérhver athugasemd sem sett er fram á netinu, hvort sem er við frétt eða skoðun, vitnar um óvissu þess sem hana smíðar. Væri vissan til staðar væri hún ekki sett á borð alþjóðar. Svona hegðum við okkur nú. Við tökum myndir af því sem er undarlegt í umhverfinu og fáum álit vina og ættingja áður en við kveðum upp dóm. Mér finnst reyndar ekkert að þessu. Það er allt í lagi að fá leiðsögn þó maður sé fullorðinn, vera óöruggur og afsakandi, gera mistök og læra af þeim. Að vita ekkert hvað er að vera karl í krapinu, hafa efasemdir um hvað manngæska er, skilja varla hugmyndir um tryggð við föðurlandið og hvað þá auðmýkt gagnvart alsjáandi guði eða skapara.

Ein stærsta þverstæða okkar tíma er sú að tillit til þarfa einstaklingsins leiðir til útrýmingar hans. Að fá tíma til mótunar eykur ekki sérkenni manns, það hvetur mann þvert á móti til mýktar og færri prinsippa, að fylgjast með öðrum og taka fleiri hugmyndir með í reikninginn við sérhverja ákvörðun. Rétt eins og unglingar gera. Hvað finnst svo sem venjulegum fullorðnum einstaklingi um heiminn sem hann lifir í? Hvað finnst venjulegum fullorðnum einstaklingi um kjarasamninga flugumferðarstjóra eða að sautján ára afganskur innflytjandi hafi drepið fólk með exi í lest í Þýskalandi? „Það kemur mér ekki við," segja sumir en samt eru allir að líta í kringum sig og sjá hvað hinum finnst því kannski skiptir það einmitt máli. En ég get sagt til huggunar að meira að segja Angela Merkel veit ekki hvað henni finnst. Hún strýkur hvorki talnaband né drekkur sveppate. Hún bara gerir eins og við öll. Lítur í kringum sig og sér hvað hinir eru með í nesti eða hvort málið sé að vera í lágum eða háum Converse-skóm í skólanum. Hún er líka unglingur og það er ekkert skammaryrði í mínum huga.

### Current mood

Stóru línurnar eru að allir eru í leit að sjálfum sér. Sumir gata á sér nefið eða húðflúra sig, aðrir fara í ferðalag til Suðaustur-Asíu, sumir drekka ógeðsdrykki og sumir eru kannski næstum því búnir að finna sína sjálfsmynd en flestir eiga eftir að skerpa hana aðeins. Og þess vegna er aldrei nóg að taka eina sjálfsmynd. Hún er ekki fullkomin. Það þarf að taka aðra, með aðeins meiri stút, hárið öðruvísi, prófa aðra birtu. Bara eina sjálfsmynd í viðbót. Current mood. Svo föstudagssjálfan, mánudagssjálfan og throwback Thursday til að fá einnig álit annarra á því hvernig sjálfsmyndarleitin hafi gengið undanfarin ár.

**Alltaf kemur lífið manni á óvart. Unglingsárin hættu aldrei. Ég varð nítján svo tvítugur og þarna átti þetta að vera búið og óvissan á enda. Nú átti efasemdunum að vera lokið og ég gæti hætt að leita að fyrirmyndum í lífinu enda orðinn slík sjálfur.**

Hafa svona greinar verið skrifaðar áður? Fyrir löngu? Er þetta svipað og hugmyndir rómantískra skálda eða bítnikka um hina eilífu leit að sjálfsmynd? Nei, gott fólk. Þetta er öðruvísi. Tæknin hefur breytt okkur. Það eru engir megin vegvísar lengur, enginn kóði, engin lögmál. Það þarf enginn leir að harðna. Siðferði heimsins er í dag fljótandi kerfi með sífelldum leiðréttingum og aðfinnslum, böggi, hrindingum og óvissu. Heimurinn er unglingagangur. Allir sítengdir, með augun gjóandi í allar áttir, að sjá hvað hinum finnst og hvort ástæða sé til að hneykslast eða dásama. Upp er runninn tími hins mjúka leirs, mótunarástands án enda.

# Menningarblinda Kópavogsbæjar



Halldór Haraldsson
fv. skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík

Undirritaður hefur búið í Kópavogi undanfarin 26 ár eftir að hafa búið í Reykjavík áður. Þar sem tónlist hefur verið mitt ævistarf hef ég allengi fylgst af áhuga með lista- og menningarmálum í Kópavogi, sér í lagi vegna þess hve vel Kópavogsbær hefur staðið að slíkum málum. Tónlistarskóli Kópavogs var stofnaður 1963, eftir söfnun listaverka í allmörg ár var Gerðarsafn stofnað 1994, Salurinn, fyrsti sérhannaði tónleikasalur landsins, var tekinn í notkun í janúar 1999 og um leið fékk Tónlistarskóli Kópavogs sérhannaðan tónlistarskóla í sömu byggingu. Árið 2009 var Tónlistarsafn Íslands stofnað í Kópavogi með samningi Kópavogsbæjar og menntamálaráðuneytisins. Hlutverk safnsins er að vera þjónustu-, fræðslu- og miðlunarsetur fyrir tónlist sem þjónar almenningi, söfnum og stofnunum í landinu með upplýsingum um listgreinina.

Til starfa voru fengnir hámenntaðir tónlistarmenn, þeir dr. Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður safnsins, og dr. Jón Hrólfur Sigurjónsson verkefnisstjóri. Hafa þeir síðan starfað að þessum málum að segja má af eldlegum áhuga, haldið margar sýningar, safnað saman heimildum um íslenska tónlistararfleifð, merkum gögnum um íslenska tónlistarmenningu, stuðlað að rannsóknum á sögu íslenskrar tónlistar, unnið að gagnagrunni um íslenska tónlist og stefnt að því að veita aðgang að sögu íslenskrar tónlistar á netinu. Íslensk tónlistarhandrit (frá 1100-1800), elstu hljóðritanir gerðar á Íslandi og þjóðfræðiefni stofnunar Árna Magnússonar eru dæmi um verkefni sem þegar eru aðgengileg. Vinna þeir nú að gagnagrunni um öll orgel og organista í íslenskum kirkjum frá upphafi.

**Var þessi menningaráhugi forráðamanna Kópavogsbæjar einhver sýndaráhugi? Ekki getur verið um vöntun á fé að ræða, þar sem Kópavogsbær hefur nýlega gumað af sterkri fjárhagsstöðu bæjarins.**

Allur þessi lista- og menningaruppgangur hjá Kópavogsbæ hefur fyllt mig, mína starfsbræður og alla unnendur tónlistar gleði og fögnuði yfir aðdáunarverðu framtaki.

### Reiðarslag

Eins og kunnugt er búa margir tónlistarmenn í Kópavogi. Tilfinning okkar er að við búum í bæ sem hefur hugsun á því og telur það mikilvægt að varðveita íslenska tónlistarmenningu með þessum hætti. EN, svo allt í einu kemur reiðarslag. Nú á allt í einu að loka safninu! Hvað kemur til? Var þessi menningaráhugi forráðamanna Kópavogsbæjar einhver sýndaráhugi? Ekki getur verið um vöntun á fé að ræða, þar sem Kópavogsbær hefur nýlega gumað af sterkri fjárhagsstöðu bæjarins. Er e.t.v. þarna um að ræða hreina og beina andúð einhverra á þessari menningarstarfsemi? Hér gæti orðið mikið slys, ef menningarsnauðum aðilum tekst að gera þessa ákvörðun að veruleika. Það yrði bæði þeim og Kópavogsbæ til ævarandi skammar.

Ég vil hvetja alla þá sem láta sig þetta mál varða til að láta í ljós skoðanir sínar og fá forráðamenn Kópavogsbæjar, sem áður hafa verið til fyrirmyndar á sviði lista- og menningar, til að hugsa alvarlega um hvað þeir eru að gera. Það tekur stuttan tíma að eyðileggja, en afar langan tíma að byggja upp aftur.





Ólympíufararnir Eygló Ósk Gústafsdóttir, Guðni Valur Guðnason, Þormóður Jónsson og Irina Sazonova eru öll klár fyrir Ríó. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Síðerma bolir til bjargar

**Íslensku Ólympíufararnir eru á lokastigi undirbúnings fyrir Ríó en leikarnir verða settir 5. ágúst. Hvorki Eygló Ósk Gústafsdóttir né Þormóður Jónsson óttast Zika-veiruna sem heldur stjörnum frá Ríó.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**ÓL 2016** Íslensku Ólympíufararnir sátu kynningarfund í húsakynnum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í vikunni þar sem farið var yfir allt sem þau þurfa að vita fyrir leikana sem hefjast í Ríó þann 5. ágúst. Íslenska íþróttafólkið er nú á lokastigum undirbúningsins en Ísland sendir átta keppendur til leiks að þessu sinni.

Á fundinum fengu afreksmennirnir okkar að vita hvar þeir gista, æfa, borða og keppa og fengu tilfinningu fyrir hversu langt er á milli staða og hvað þurfi að gera til að halda sér í sem bestu standi jafnt á líkama og sál á meðan keppni stendur.

### Matarmálin mikilvæg

„Það var gaman að sjá hvernig þorpið er og hversu langt er á milli þorpsins og laugarinnar. Því er mikilvægt að fá svona fund og upplýsingar um leikana. Ég hef heldur ekki farið nálægt Ríó og því er mikilvægt að vita hvað maður þarf að varast og við hverju við þurfum að búast,“ segir Eygló Ósk Gústafsdóttir sundkona við Fréttablaðið eftir fundinn.

Júdókappinn Þormóður Jónsson tekur í sama streng. Þessi mikli beljaki vildi mest af öllu vita hvar hann fengi að borða enda þarf alvöru skammta og þá nokkra á dag til að halda þungavigtarmanni gangandi.

„Þetta var alveg nauðsynlegt. Maður er að reyna að átta sig á aðstæðum og hvar staðir eins og æfingaaðstaðan og matartjaldið er. Það er gott að vita út í hvað maður er að fara,“ segir Þormóður sem ætlar ekki að taka sénsinn á matargerð heimamanna í Brasilíu fyrr en eftir að hann er búinn að keppa.

„Ég ætla lítið að borða einhvers staðar annars staðar en í þorpinu fyrir mót. Ég ætla að reyna að halda öllu í lagi fyrir keppnisdag. Ég held það sé eins hjá öllum. Maður vill ekki veikjast fyrir mót. Það er ekki í boði.“

### Hægt að vera of varkár

Það sem flestir óttast í Brasilíu er Zika-veiran sem vísindamenn eru búnir að staðfesta að valdi fósturskaða. Þessi veira smitast með biti moskítóflugna og varð þess valdandi að fjórir efstu kylfingar heims hættu við þátttöku á leikunum. Og þeir voru ekki þeir einu sem þorðu ekki til Ríó.

Eygló Ósk ætlar vitaskuld að passa sig en að sleppa leikunum kom aldrei til greina. „Það er vetur þarna þannig að það er minna af flugum þarna að mér skilst. Svo þarf maður bara að vera varkár; klæða sig í síðerma og bera á sig flugnafælu. Þá verður þetta allt í lagi. Það er samt hægt að vera of varkár. Það er nú um að gera að njóta lífsins og upplifa eitthvað sem maður hefur ekki upplifað áður,“ segir hún.

Nokkrir Ólympíufaranna voru bólusettir eftir fundinn en aðrir höfðu þá þegar lokið því ferli. Þormóður tekur undir með Eygló, að sjálfsögðu þarf að passa sig á moskítóflugunum en það er ekki hægt að setja lífið í handbremsu út af þessu.

„Ef það gerist þá gerist það bara. Maður reynir að passa sig með því að bera á sig skordýravörn og vera í síðbuxum og síðermabol,“ segir júdókappinn, en hitastigið verður um 20-25 gráður meðan á leikunum stendur. „Ég myndi auðvitað aldrei klæðast síðerma eða vera í buxum í svona hita annars.“



Júdókappinn Þormóður Jónsson er bólusettur fyrir ferðina til Ríó í Brasilíu þar sem hann keppir á sínum þriðju Ólympíuleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Það er samt hægt að vera of varkár. Það er nú um að gera að njóta lífsins og upplifa eitthvað sem maður hefur ekki upplifað áður.**
>
> Eygló Ósk Gústafsdóttir

### Bæði með reynslu

Eygló Ósk er líklegust Íslendinga til að vinna til verðlauna á leikunum en hún stendur mjög framarlega í 200 metra baksundi. Hún segir það hjálpa til að hún sé nú að fara á sína aðra Ólympíuleika en reynslan frá því í Lundúnum fyrir fjórum árum mun vonandi gefa henni mikið.

„Það verður örugglega minna stress … en samt ekki,“ segir hún og brosir. „Þetta eru alltaf Ólympíuleikarnir en ég verð undirbúnari fyrir hversu stórt þetta er. Vonandi fer ég inn með meiri reynslu en á síðustu leika.“

Þormóður er að fara á sína þriðju Ólympíuleika og er einn af þeim reyndustu í hópnum. Hann á gríðarlega erfiða keppni fyrir höndum í sínum sterka þyngdarflokki en júdókappinn fær góða æfingu áður en hann heldur til Ríó.

„Nú held ég bara áfram að æfa stíft. Ég er að fara til Tékklands að æfa með Ólympíuhópnum þar og þar fæ ég fleiri menn í mínum stærðarflokki til að æfa með. Svo fer ég til Brasilíu 3. ágúst.“ tomas@365.is

## Nýjast

**Evrópudeildin, forkeppni**

**Grasshopper - KR 2-1**
1-0 Rúnar Már Sigurjónsson (45.), 1-1 Morten Beck Andersen (52.), 2-1 Rúnar (68.).
**Grasshopper fer áfram, samanlagt 5-4**

Rúnar Már Sigurjónsson sendi landa sína út úr Evrópudeildinni með tveimur mörkum í 2-1 sigri svissneska liðsins á KR í gær. Öll íslensku karlaliðin eru því úr leik í Evrópukeppninni í ár.

ARON SNÆR OG ÓLAFÍA Í FORYSTU EFTIR FYRSTA DAG
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR er með eitt högg í forskot á Valdísi Þóru Jónsdóttur úr Leyni og Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr GK er tveimur höggum á eftir Ólafíu eftir fyrsta dag í kvennaflokki á Íslandsmótinu í golfi sem að þessu sinni fer fram á Jaðarsvelli á Akureyri. Aron Snær Júlíusson úr Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæ setti nýtt vallarmet þegar hann lék á 67 höggum eða fjórum höggum undir pari. Aron Snær er með tveggja högga forskot í karlaflokki en næstir honum eru þeir Vikar Jónsson og Birgir Leifur Hafþórsson. Annar hringur er spilaður í dag.

STRÁKARNIR GETA KOMIST Í UNDANÚRSLITIN Í KVÖLD
Íslenska 20 ára landsliðið mætir Georgíu klukkan 18.00 í kvöld að íslenskum tíma í átta liða úrslitum B-deildar EM í körfubolta sem fer fram þessa dagana í Grikklandi. Strákarnir hafa unnið þrjá síðustu leiki sína og vinni þeir leikinn í kvöld mæta þeir annaðhvort Grikklandi eða Bosníu í undanúrslitunum á morgun.

LOSNA FLEIRI ÓL-SÆTI FYRIR ÍSLENSKA ÍÞRÓTTAMENN?
Alþjóðaólympíunefndin ákveður það á sunnudaginn hvort útiloka eigi alla Rússa frá Ólympíuleikunum í Ríó en sú ákvörðun varð líklegri eftir að Alþjóðaíþróttadómstóllinn staðfesti í gær bann allra Rússa frá frjálsíþróttakeppni ÓL. Það er mikil pressa frá íþróttaheiminum að Rússar fái ekki að vera með eftir að stjórnvöld í landinu urðu uppvís að því að styðja við ólöglega lyfjanotkun. Átta Íslendingar eru komnir með keppnisrétt á ÓL í Ríó en þeim gæti mögulega fjölgað detti allir Rússar út. Fari svo að Rússarnir 321 sem hafa unnið sér keppnisrétt, verði meinuð þátttaka, þá er líklegt að sætum verði endurúthlutað í einhverjum greinum. Skotmaðurinn Ásgeir Sigurgeirsson var nálægt því að komast til Ríó og hann gæti mögulega fengið sætið detti Rússarnir út.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 12.00 | Man. Utd - Dortmund | Sport |
| 16.00 | Internat. Crown | Golfstöðin |
| 19.00 | Demantamót í London | Sport |
| 19.15 | Fram - KA | Sport |
| 20.00 | Canadian Open | Golfstöðin |
| 19.15 | Stjarnan - Breiðablik | Sams.v. |
| 18.00 | Þór - Leiknir R. | Þórsvöllur |
| 19.15 | Fram - KA | Laugardalsvöllur |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
22. JÚLÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# SKIPULAG Í ÓREIÐUNNI

Myndlistarkonan **Arngunnur Ýr Gylfadóttir** er einn fremsti listmálari landsins og hefur getið sér gott orð bæði hér heima og erlendis. Hún rekur tvö heimili; annað í San Francisco og hitt í útjaðri Reykjavíkur og er auk þess að skjóta rótum við Heklu og á Havaí. Hún hefur starfað sem leiðsögumaður á Íslandi í 25 ár og þrátt fyrir að hafa verið með annan fótinn í Kaliforníu stóran hluta ævinnar er íslenskt landslag það helsta sem ratar á strigann.



MYND/STEFÁN


Arngunnur og dóttir hennar Daria Sól í Róm.


Arngunnur hefur starfað sem leiðsögumaður á Íslandi í 25 ár og sækir innblástur í verk sín á ferðalögum um landið.


Larry Andrews, eiginmaður Arngunnar, og Dyami, sonur þeirra, í Korpudal í Önundarfirði.


Hér er Arngunnur að hefja framkvæmdir við Heklurætur þar sem hún hyggst reisa sumarhús og vinnustofu.

„Ég er svo mikill Íslendingur í mér og íslenskt landslag veitir mér ótæmandi innblástur," segir Arngunnur sem hefur fengist við myndlist í rúm 30 ár og selt verk sín vítt og breitt. Arngunnur er með allt landið undir og segist alltaf eiga erfitt með að nefna uppáhaldsstað. „Ég elska Jökulsárgljúfur, Hljóðakletta og hráu náttúruna á Mývatni svo eitthvað sé nefnt. Þá eru mörg mótíf í myndunum mínum frá Aust- og Vestfjörðum."

Að sögn Arngunnar er gaman að sjá myndirnar eignast sjálfstætt líf. „Ég er ekkert að velta því fyrir mér hvar þær koma til með að enda á meðan ég er að. Ég mála bara það sem ég þarf að mála þangað til ég loksins sleppi af þeim hendinni. Það er hins vegar skemmtilegt að vita af Kirkjufelli á skrifstofu Microsoft í New York og Eyjafjallajökli í Santa Fe í Nýju-Mexíkó svo dæmi séu nefnd og gaman að eiga þátt í því að koma myndum af Íslandi um víðan völl."

Arngunnur er alin upp í mikilli tónlistarfjölskyldu. Systir hennar Bryndís Halla Gylfadóttir er sellóleikari og sjálf lærði Arngunnur á flautu. „Það var verið að æfa sig í öllum herbergjum heima hjá mér í æsku." Arngunnur stundaði einnig nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og upp úr tvítugu þurfti hún að velja á milli flautunnar og myndlistarinnar. „Myndlistin togaði meira í mig. Kannski var það vegna þess að í myndlistinni er maður algerlega frjáls en í tónlistinni spilar maður yfirleitt verk eftir aðra. Tónlist skiptir mig þó miklu máli í sköpuninni og ég hlusta mikið á alls kyns tónlist við vinnuna. Ég er einna hrifnust af tónlist sjötta og sjöunda áratugarins en hef líka gert tilraunir með eitthvað allt annað eins og til dæmis death metal til að sjá hvort það hafi áhrif á sköpunina."

Arngunnur fór í framhaldsnám til Kaliforníu og lauk BA-gráðu í málaralist frá San Francisco Art Institute og meistaragráðu í málaralist frá Mills-háskólanum í Oakland. Hún stundaði sömuleiðis nám við Gerrit Rietveld akademíuna í Amsterdam í Hollandi. Í Kaliforníu kynntist hún manninum sínum Larry Andrews, sem er prófessor í kvikmyndagerð við Kaliforníuháskóla, og eiga þau tvö börn; Daríu Sól og Dyami Rafn.

### ALLTAF AÐ FLJÚGA HEIM

„Þar sem ég ber svo sterkar taugar til Íslands varð það að samkomulagi hjá okkur Larry að við myndum koma okkur upp heimili á báðum stöðum. Við eigum hús í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og í Montclair á San Francisco-svæðinu en bæði húsin höfum við byggt frá grunni. Við höfum svo dvalið á Íslandi og í Kaliforníu til skiptis og börnin gengið í skóla á báðum stöðum. Eitt sinn sagði Dyami einmitt við mig á flugvellinum: Mamma, það er í raun alveg sama í hvora áttina við erum að fara. Við erum alltaf að fljúga heim," segir Arngunnur og hlær. Hún segir börnin hafa aðlagast þessu lífi vel. „Það hefur örugglega hjálpað til að við höfum alltaf búið á sama stað og í sama húsi í Kaliforníu. Þetta hljómar kannski kaótískt en það er skipulag í óreiðunni," segir Arngunnur.

### LISTRÆN BÖRN

Daría Sól sem er 23 ára var að klára nám við UC Berkeley í Rhetoric, eða mælskulist, og ætlar að öllum líkindum í framhaldsnám í Museum studies, eða safnafræði, við Goldsmiths-háskólann í London. Diamy Rafn sem er 19 ára er við nám í verkfræði og myndlist og leikur auk þess á selló og rafmagnsgítar. Það er því ljóst að börnin hafa bæði erft listagen móður sinnar. „Þau hafa líka bæði tekið virkan þátt í að byggja húsin okkar og Dyami var til dæmis ekki nema átta ára þegar hann lagði rafmagnið með pabba sínum í húsið okkar í San Francisco. Þaðan kemur kannski verkfræðiáhuginn," segir Arngunnur.

### Á JARÐSKJÁLFTASVÆÐUM

Arngunnur segir brjálæðið halda áfram og eru þau hjónin að leggja grunn að bústað undir Heklurótum og að öðrum á Havaí. „Fólk hristir hausinn því við virðumst sogast að jarðskjálftasvæðum en það er eitthvað við þennan hreyfanleika í náttúrunni, sem við sjáum ekki endilega með berum augum, sem heillar mig og veitir mér innblástur. Eins fáum við útrás fyrir sköpunarkraftinn við að byggja svona frá grunni."

Arngunnur hefur að sögn brennandi jarðfræðiáhuga sem nýtist henni ekki síður í leiðsögumannsstarfinu en í myndlistinni. En


Arngunnur hefur sett upp sýningar í helstu söfnum landsins og í mörgum af helstu stórborgum heims. Má þar nefna New York, París og Berlín. Nú stendur yfir sýningin Dramalandið í Hannesarholti. MYND/STEFÁN

> Það hefur örugglega hjálpað til að við höfum alltaf búið á sama stað og í sama húsi í Kaliforníu. Þetta hljómar kannski kaótískt en það er skipulag í óreiðunni.
>
> Arngunnur Ýr Gylfadóttir

hvernig kom það til að þú gerðist leiðsögumaður? „Það var nú vinkona mín sem lagði það til við mig en þannig fæ ég tækifæri til að ferðast um landið og sækja innblástur." Aðspurð segist Arngunnur ferðaþjónustuna vissulega hafa tekið stakkaskiptum síðastliðin ár. „Ég vinn aðallega fyrir Iceland Travel og Iceland Encounter og hef mest tekið að mér hópa sem koma af einskærum áhuga sínum á landi og þjóð. Þetta fólk er að sækjast eftir fróðleik og er jafnframt flest meðvitað um að vernda landið en þó mitt fólk sé ekki endilega að fara út fyrir göngislóða þá eru augljós vandamál sem steðja að og verður til dæmis að varast átroðning á sumum stöðum og laga klósettmál," segir Arngunnur. Eftir öll ferðalögin um landið hefur hún auk þess orðið vör við umtalsverðar breytingar á landinu. „Þegar maður þekkir landið sitt svona vel verða áhrif loftslagsbreytinga ljósari og ég sé víða mikinn mun. Jöklarnir hafa hopað og sums staðar sjást heilu fjallshlíðarnar sem sáust ekki áður. Þetta reyni ég að fanga í myndlistinni. Bæði uppbygginguna og eyðinguna sem verður í náttúrunni."

### BOLTINN RÚLLAR

Arngunnur hefur sett upp sýningar í helstu söfnum landsins og í mörgum af helstu stórborgum heims. „Ég hef verið mjög lánsöm. Þegar ég var við nám kom sýningarstjóri að skoða verk nemenda og bauð mér að setja upp sýningu. Síðan hefur boltinn bara rúllað." Aðspurð segist Arngunnur ekki mála mörg verk á ári. „Það þýðir ekki að ég sé ekki mikið á vinnustofunni eða leggi ekki hart að mér. Ég er bara svo lengi með hvert verk og þau eru í mörghundruð lögum."

Verk Arngunnar hafa eins og gengur breyst í áranna rás en hún gaf út listaverkabók sem spannar ferilinn undir eigin nafni árið 2012. Í fyrrahaust gaf hún svo út bók sem var unnin í samstarfi við rithöfundinn Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur og hönnuðinn Brynju Baldursdóttur. „Það er eins með bækurnar og málverkin að þær eignast eigið líf þegar ég loks sleppi af þeim hendinni. Þær komust í hendur Ragnheiðar Jónsdóttur, forstöðumanns Hannesarholts, sem hreifst af verkunum og bauð hún mér í kjölfarið að sýna þar. Ég hreifst ekki síður af húsinu og þeirri menningarstarfsemi sem þar fer fram og opnaði sýninguna Dramalandið fyrr í sumar." Á sýningunni eru verk eftir Arngunni sem hún hefur málað síðustu tvö ár. Sýningin er á aðal og neðstu hæð hússins. Hún verður opnuð aftur eftir sumarfrí 2. ágúst og stendur til 18. ágúst. Í haust tekur svo við sýning í San Francisco. **vera@365.is**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# DÁSAMLEGA NÆRANDI LÍNA FYRIR LÍKAMANN

**Regalo kynnir** Líkamslínan frá Moroccanoil er nærandi og mýkjandi fyrir húðina. Hver vara veitir einstaka lúxusmeðferð með hreinum og ljúfum ilmi frá Miðjarðarhafinu.

Saga Moroccanoil® merkisins einkennist af nýsköpun og stöðugri leit að betri vörum. Það sem byrjaði sem ein byltingarkennd vara hefur vaxið og dafnað og njóta Moroccanoil-vörurnar nú mikilla vinsælda um allan heim. „Á innan við áratug hafa vörurnar slegið í gegn og eru þær elskaðar og dáðar af stórstjörnum og stílistum, bæði kvikmynda- og sjónvarpsbransans og tískupallanna, ásamt ritstjórum tískutímarita og konum víðsvegar um heiminn,“ segir Fríða Rut Heimisdóttir, hárgreiðslumeistari og eigandi Regalo.

Fyrsta varan í línunni, hin upprunalega Moroccanoil Treatment-olía, var þróuð af brautryðjandanum Carmen Tal í leit hennar að vörum sem gerðu hárið heilbrigt, fallegt og náttúrulegt. „Síðan þá hefur vörunum fjölgað og vegna mikillar eftirspurnar og vinsælda hefur verið sett á markað hágæða líkamslína frá Moroccanoil. Þar fá nærandi og andoxandi eiginleikar arganolíunnar að njóta sín og veitir hver Moroccanoil body care-vara einstaka lúxusmeðferð með hreinum og ljúfum ilmi frá Miðjarðarhafinu.“

Að sögn Fríðu geta aðdáendur Moroccanoil-varanna farið að hlakka til því fleiri vörur frá merkinu eru væntanlegar á markað, meðal annars kerti og sturtusápa og nýjar ilmtegundir í eldri vörum.

**MOROCCANOIL® VÖRURNAR FÁST Á EFTIRFARANDI SNYRTISTOFUM.**

- Snyrtistofa Ágústu
- Snyrtistofan Dimmalimm
- Lipurtá Snyrtistofa
- Deluxe Snyrti- og dekurstofa
- Verði þinn vilji
- Modus hár- og snyrtistofa
- Snyrtistofan Lótus
- Eftirlæti snyrtistofa Sauðárkróki
- Fríhöfnin




**Hver Moroccanoil body care-vara veitir einstaka lúxusmeðferð en hægt er að lesa nánar um vörurnar á moroccanoil.is**



**MOROCCANOIL®**
**CLEANSING BAR**

Mild og árangursrík líkamssápa fyrir húð sem þarf dekur. Sápan inniheldur ekkert súlfat og engin paraben. Heyrst hefur að mjög gott sé fyrir herra að raka sig upp úr þessari dásemd sem inniheldur arganolíuna góðu, sheabutter og E-vítamín, ásamt fleiri góðum næringarefnum fyrir húðina. Þetta létta sápustykki veitir húðinni þann raka sem hún þarf og af því er léttur rósailmur.



**MOROCCANOIL®**
**SHIMMERING BODY OIL**

Gefur húðinni ljóma og glans. Moroccanoil® Shimmering Body Oil er mjög mjúk og nærandi, inniheldur argan- og sesamolíu. Olían gengur einstaklega vel inn í húðina, upplífgar og gefur daufri húðinni raka og guðdómlega fallegan gljáa. Olían þornar fljótt og er frábær á bringuna og hendurnar og ómissandi á fæturna á sumrin, sérstaklega þegar farið er til útlanda í sólina. Léttur ilmurinn er Moroccanoil-ilmurinn. Án parabena.



**MOROCCANOIL®**
**DRY BODY OIL**

Dry Body oil gefur húðinni samstundis raka og silkilíka áferð. Hún umvefur húðina með nærandi og andoxandi eiginleikum argan-, ólífu- og avókadóolíunnar. Þessi undurlétta formúla smýgur hratt inn í húðina og læsir raka inni í henni á meðan nauðsynlegar fitusýrur mýkja og næra þurra bletti og bæta útlit og áferð húðar. Léttur sígildur Moroccanoil-ilmur. Án parabena.



**MOROCCANOIL®**
**PURE ARGAN OIL**

100% arganolía sem styrkir húðina, neglurnar og hárið. Hún er einstaklega rík af E-vítamíni og nauðsynlegum fitusýrum og andoxunarefnum. Þessi létta lúxusolía veitir margþætta næringu fyrir andlit, líkama og hár, hún rennur á eins og silki og smýgur hratt inn í húðina.



**Fríða Rut Heimisdóttir segir að á innan við áratug hafi Moroccanoil-vörurnar slegið í gegn. „Þær eru elskaðar og dáðar af stórstjörnum og stílistum, bæði kvikmynda- og sjónvarpsbransans og tískupallanna, ásamt ritstjórum tískutímarita og konum víðsvegar um heiminn.“** MYND/HARPA HRUND



**MOROCCANOIL® HAND CREME**

Lúxus handáburður sem hendurnar elska. Inniheldur hinar náttúrulegu argan- og avókadó-olíur ásamt shea butter, cocoa butter og mango butter sem er einstakt fyrir þurrar hendur. Létt formúla sem þornar mjög fljótt, verndar og skilar unaðslegri mýkt.



**MOROCCANOIL® INTENSIVE HYDRATING TREATMENT**

Intensive Hydrating Treatment er fljótandi alhliða gel sem breytist í olíu þegar því er nuddað á húðina. Mjög nærandi og sérstaklega nærandi fyrir þá sem eru með þurra húð þar sem meðferðin inniheldur meðal annars arganolíu, sólblómafræsolíu og kamillu sem er einstaklega róandi. Góð sem nuddolía. Hentar vel á exem , þurrkubletti, og sprungna hæla. Dásamleg út í baðið.



**MOROCCANOIL® BODY SOUFFLÉ**

Æðislegt, létt body lotion fyrir líkamann. Gefur húðinni mikinn raka þar sem formúlan er einstaklega rík af andoxandi næringarefnum eins og arganolíu, sheabutter og E-vítamíni sem auka rakastig húðarinnar um leið og varan kemur við hana. Í því er einnig Aloe Vera sem er þekkt fyrir sína góðu eiginleika eins og að vera róandi og gefa góðan raka. Moroccanoil®Body Soufflé skilur húðina eftir mjúka og nærða af raka. Léttur ilmurinn er hinn klassíski Moroccanoil-ilmur.



**MOROCCANOIL® BODY BUTTER**

Moroccanoil® Body Butter er lúxus líkamskrem fyrir einstaklega þurra húð. Kremið er mjög þykkt en þornar strax á húðinni án þess að skilja eftir sig fituga áferð. Mjög ríkt af andoxunarefnum sem finnast í arganolíunni. Shea butter, cocoa butter og mango butter gefa góða næringu á meðan avókadó-, ólífu-, squalane- og granateplaolíur mýkja og næra húðina. Moroccanoil® Body Butter mýkir húðina samstundis og læsir inni rakann.



**MOROCCANOIL® BODY BUFF**

Skrúbbur sem er gerður úr náttúrulegum appelsínukjörnum. Moroccanoil® Body Buff er frískandi þurrskrúbbur sem hentar vel til daglegra nota. Hann skrúbbar í burtu dauðar húðfrumur og breytir samstundis áferð húðarinnar. Inniheldur nærandi arganolíu, E-vítamín, avókadó, vínberjafræ, safflower, sesam- og möndluolíu sem endurnýjar húðina með miklum raka. Ilmurinn er léttur og með keim af appelsínublómum. Inniheldur engin paraben.

# ALLTAF Í TÖFF FLATBOTNA SKÓM

Vagabond-skór eiga mjög upp á pallborðið hjá lífsstílsbloggaranum **Þórunni Ívars** en hún er hætt að geta talið svörtu leðurskóna frá merkinu á fingrum annarrar handar. Hún ljóstrar hér upp um alla sína skemmtilegu uppáhaldshluti.



**Sjaldgæft er að sjá Þórunni án trefils og skiptist hún aðallega á að nota tvo frá merkinu & Other Stories.**



**Þórunn segist eiga erfitt með að telja upp þær snyrtivörur sem hún getur ekki verið án.**



**Þórunn hefur mikinn áhuga á tísku, förðun, hreyfingu og húðumhirðu. Hún heldur úti vinsælu lífsstílsbloggi á thorunnivars.is.** MYNDIR/HANNA



**Þórunn er alltaf í flatbotna skóm og er Vagabond hennar uppáhaldsmerki.**



**Þórunn hefur helst notað þrjár yfirhafnir að undanförnu, leðurjakka úr Zöru, regnkápu og bomber-jakka.**

## SKOÐAÐ Í SKÁPINN

Þórunn Ívarsdóttir, förðunar- og lífsstílsbloggari, hefur í nógu að snúast þessa dagana en fyrst og fremst er hún nemi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Hana langaði að bæta við sig annarri gráðu en fyrir er Þórunn fatahönnuður. „Ásamt því er ég samfélagsmiðlafulltrúi fyrir nokkur merki og í sumar starfa ég einnig sem flugfreyja hjá WOW air. Lífið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt og enginn dagur er eins.“

Hún leyfir lesendum að kíkja hér aðeins inn í skápana sína.

**Hvaða flík notar þú mest?** Ég nota Vicommit-buxur úr Vila örugglega hvað allra, allra mest. Örugglega daglega. Þægilegar, flottar og passa við allt.

**Hver er uppáhaldsyfirhöfnin?** Ég nota rosalega mikið leðurjakkann minn úr Zöru sem ég keypti í Barcelona síðasta haust. Hann hefur reynst mér ótrúlega vel. Núna í sumar hef ég þó notað regnkápuna mikið en undanfarnar vikur bara léttan bomber-jakka.

**Hvaða skór eru í mestu uppáhaldi?** Ég er alltaf í flatbotna og eru Vagabond-skór vinsælastir hjá mér. Skórnir verða að vera þægilegir en á sama tíma töff-aralegir. Ég er hætt að geta talið svörtu Vagabond-leðurskóna mína á fingrum annarrar handar.

**Hvaða fylgihlut notar þú helst?** Ég nota mikið trefla og þá aðallega skiptist ég á að nota tvo frá merkinu & Other Stories. Þeir eru báðir úr 100% ull og hnökra sama og ekkert. Ég get eiginlega ekki lifað án þeirra og það er sjaldgæft að rekast á mig án annars þeirra. Næsta haust ætla ég að fjárfesta í mínum þriðja í öðrum lit. Svo æðislegir eru þeir.

**Hvaða skartgripi notar þú mest?** Ég nota mjög fáa skartgripi eða eiginlega enga. Ég er langoftast bara með úr en upp á síðkastið hef ég notað hring úr Pieces x Julie Sandlau línunni sem fæst í Vila.

**Hvaða snyrtivara getur þú alls ekki verið án?** Þær eru svo margar að það er erfitt að telja það allt upp. Það eru nokkrar sem ég kaupi aftur og aftur og það eru aðallega rakakrem, maskar og farðar. Í sumar eru góð rakakrem í miklu uppáhaldi og sérstaklega næturmaskar sem gefa góðan raka eftir langt og strangt ferðalag. Arctic Face Oil frá merkinu Skyn Iceland er ein besta vara sem ég hef kynnst og blanda ég olíunni út í krem og maska til að fá enn meiri næringu og raka.

**liljabjork@365.is**




# EKKI HENDA STRAX GÖMLU BOLUNUM

Í stað þess að henda teygðum og slitnum flíkum er um að gera að gefa sköpunarþörfinni lausan tauminn. Ljótir bolir verða auðveldlega að pæjulegum toppum og töskum með skærin að vopni og saumavél.



**AÐFERÐ**

- Finndu gamlan stuttermabol sem þjónað hefur tilgangi sínum.
- Leggðu hann sléttan á gólfið.
- Klipptu ermarnar af bolnum og stækkaðu og dýpkaðu hálsmálið.
- Ef búa á til tösku er bolurinn saumaður saman í botninn.
- Skildu eftir u.þ.b. 15 cm neðst og klipptu upp í átt að saumnum svo úr verði kögur, hver spotti um 1 cm á breidd.
- Kögrið má hanga óhnýtt en auðvelt er að búa til hippalegt lúkk á töskuna með því að binda tvo og tvo saman og svo aftur tvo og tvo sitt á hvað.
- Ef búa á til sumarlegan topp kemur saumavélin ekkert við sögu, einungis skærunum beitt á ermarnar og hálsmálið. Kögur klippt upp í bolinn og það svo hnýtt.

» Gamlir og ljótir bolir geta vel orðið að skvísulegum toppi eða tösku.






KÆLDU ÞIG UPP & NIÐUR

Jóker er seiðandi og ljúffengur jarðarberjapinni frá Kjörís, með salmíakfyllingu og hjúpaður sterkri lakkrísdýfu.

Kjörís

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN



TOYOTA Rav4. Árg 2006, ekinn aðeins 73 Þ.KM, bensín, sjálfsk. V. 1.990 þús. Rnr.100745. Á staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin sími.517 4500



TOYOTA Land cruiser 150 Gx m/leðri. Árg 2012, ek 92 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 7.280 þús. Rnr.100214. Á staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin sími.517 4500



RENAULT Clio sport tourer. Árg 2016, ek 35 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 2.790 þús. Rnr.100784. Á staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin sími.517 4500



KIA Ceed Ex World cup edition. Árg 2015, ek 26 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 3.480 þús. Rnr.100312. Á staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin sími.517 4500



SUZUKI Swift. Árg 2015, ek 33 Þ.KM, bensín, 5 gírar. V. 1.890 þús. Rnr.100058. Á staðnum hjá okkur , Bílamiðstöðin sími.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða**
**110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Auris sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.991677.



PEUGEOT 5008. Árgerð 2014, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. Rnr.170083.



KIA Sorento. Árgerð 2004, ekinn 244 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.320143.



MERCEDES-BENZ E 200 CDI. Árgerð 2014, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.991718.



Kia Sportage world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.290316. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Renault árg 1999, 48 manna hópferðabíll, með leyfi Mikið endurnýaður, nýskoðaður verð 6,9 m afhending strax Raðn. 122178.



Sumaru legacy árg 2005 nýskoðaður margt endurnýað, tímareim, Framdemparar, bremsur,spyrnufóðringar,verð 1180 þ Tilboð nú 850 þ Raðn. 122455.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

100bilar.is bílasala



Kia Sportage EX, 5/2014, ek 62 þús km, dísel, sjsk, tilboðsverð 3.990 þús, er á staðnum, raðnr 2220021.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TOYOTA AVENSIS 2003 - 790.000 KR**
TOYOTA AVENSIS WAGON SOL árg. 2003. Senon ljós, skyggðar rúður og fl. Ek.223.000. Vél upptekin í 84.000 vegna galla af Toyota. Sjálfskiptur, bensín. Sumar- og vetrardekk á nöglum fylgja. Allt nýtt í bremsum. Hjólalegur framan. Ný smurður. Uppl. í síma 895 2000 Ásett verð 850.000. Bein sala



**GETZ TILBOÐ 235 ÞÚS!**
Hyundai Getz árg. '04 ek. 190þús sjálfssk. krókur sk. '17 Tilboð 235þús S. 891 9847



**DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !**
VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 51. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.580.000,- Uppl. í s. 8223322

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Tjaldvagnar

Frábær Combi Camp '07 til sölu. Vel með farinn. Einangraður. Lítið fortjald. Verð 500þ. S. 6603144

## Bátar



**VAXTALAUS LÁN**
320 cm slöngubátar á aðeins 199.000 kr vaxtalaus korta lán í boði til 12 mánaða. Nánar á veidiportid.is eða S. 552-9940 Veiðiportið grandagarði 3

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.




## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Herb. eða studio íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**FIRMA SSVERK.**
zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & tel. 847 7663

Verktakafyrirtæki á Akureyri óskar eftir vönum járnabindingarmönnum. Símar: 820-7060 / 840-0609 vaverktakar@gmail.com

**VEITINGARHÚS/BAR**
óskar eftir starfskrafti KVÖLD OG HELGARVAKTIR við afgreiðslu á bar. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskaraftur óskast í bakarí, afgreiðsla, smurbrauðs og súpugerð. Vinnutími 07-14 og annan hvern lau. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 35 ára. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á: sveinsbakari@sveinsbakari.is**

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## markaður

VON & BJARGIR HJÁLPARSAMTÖK
Bakhúsið
Nytjamarkaður Grensásvegi 14




Símar 662 7222 og 578 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is
Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.
Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).
HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*






# Danshljómsveit BJB

Arnar Freyr, Tómas Tómasson,
Eysteinn Eysteinsson og
Birgir Jóhann Birgisson
spila um helgina.

Allir velkomnir
Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## fasteignir


### ÖNDVERÐARNES
### GOLFPARADÍS

Falleg og gróin 5.200 fm. sumarbústaðalóð á frábærum stað við golfvöllinn í Öndverðarnesi. Óbyggt svæði fyrir framan. Óhindrað útsýni. Örstutt göngufæri niður að Hvítá, í golfskálann, 1. teig og æfingasvæðið.

**Upplýsingar í síma 893 2495 eða eignir@eignir.is**








Efri sérhæð, mikil lofthæð, þrennar svalir

Skráð hjá FMR 162,8 m², þar af er íbúðin 135,6 m²

Bílskúr að stærð 27,2 m²

Glæsilegt sjávarútsýni

Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls

Verð: **62,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**



STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.



» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is




# Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal




**Jensen rúm:**

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum




* Stærð: 180x200, gafl ekki innifalinn í verði



## Merkisatburðir

**1227** Valdimar sigursæli bíður ósigur gegn þýsku greifunum í orrustunni við Bornhöved.
**1245** Kolbeinn ungi Arnórsson, höfðingi af ætt Ásbirninga, lést um 37 ára að aldri.
**1513** Kristján 2. verður konungur Danmerkur og Noregs.
**1581** Áttatíu ára stríðið hefst: Norðurhéruð Niðurlanda sverja af- neitunareiðinn og segja sig úr lögum við Filippus II Spánarkonung.
**1684** Gísli Þorláksson biskup á Hólum lést 53 ára. Hann hafði verið þríkvæntur.
**1910** Zeppelin-loftfarið flýgur í fyrsta skipti.
**1929** Landakotskirkja í Reykjavík er vígð.
**1939** Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur. Þetta eru fyrstu kafbátarnir sem koma til Íslands.
**2003** Uday og Qusay Hussein, synir Saddams Hussein, eru felldir eftir umsátur í Írak.
**2011** Mannskæð hryðjuverk eru framin í Noregi, fyrst með sprengjuárás á stjórnarbyggingar í Ósló og skömmu síðar með skotárás á samkomu ungmennahreyfingar í Útey. Að minnsta kosti 76 láta lífið. Ófgamaðurinn Anders Behring Breivik er handtekinn fyrir að standa á bak við árásirnar.
**2011** Eden í Hveragerði brennur til kaldra kola í stórbruna.
**2013 Prins Georg af Cambridge fæðist á þessum degi.**



Platan Fast verður leikin í heild í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sterk þörf að gera tónlist

**Tónlistarkonan Heiða Eiríksdóttir kemur fram ein síns liðs með kassagítarinn í kvöld. Heiða kemur fram undir listamannsnafninu Heidatrubador og flytur plötuna Fast í heild.**

Ég er búin að vera svo mikið í hljómsveitum og hef ekki haft tíma til þess að gera stöff ein," segir tónlistarkonan Heiða Eiríksdóttir en hún hefur meðal annars komið fram með hljómsveitum á borð við Unun, Heiðu og heiðingjana, Dys og Hellvar.

Í kvöld kemur Heiða fram ein síns liðs með kassagítarinn að vopni undir listamannsnafninu Heidatrubador. Heidatrubador er ekki ný af nálinni heldur varð hún til í frönsku borginni Marseille árið 1989.

„Ég var búin að vera að spila á gítarinn í nokkur ár þarna í kringum 1989 en hafði aldrei komið fram ein með kassagítarinn. Svo var ég skiptinemi í eitt ár í Marseille og ég var með svo sterka þörf fyrir að gera tónlist. Þá byrjaði ég að semja texta markvisst á ensku og spila þegar ég mögulega gat og þá varð þetta alterego til," segir Heiða um tilurð Heidatrubador sem þrátt fyrir að hafa orðið til nánast fyrir tilviljun leiddi ýmislegt af sér. „Út frá þessu meðal annars þá sá Dr. Gunni mig spila einhvers staðar og fékk mig til að vera í Unun."

> Ég var búin að vera að spila á gítarinn í nokkur ár þarna í kringum 1989 en aldrei komið fram ein með kassagítarinn. Svo var ég skiptinemi í eitt ár í Marseille og ég var með svo sterka þörf fyrir að gera tónlist.

Sökum anna hefur Heidatrubador legið í smá dvala en vaknar í kvöld upp af honum og kemur fram í tónlistarhúsinu Mengi við Óðinsgötu. Hún segir tímasetninguna einfaldlega hafa hentað vel og mun hún spila væntanlega plötu sína Fast í heild á tónleikunum. „Ég hélt fyrst að ég myndi ekki geta spilað hana í heild af því að það eru svolítið flóknar útsetningar, eitt lagið er til dæmis bara úr bössum, en ég ákvað bara að spila það í örlítið breyttri útsetningu," segir hún og bætir við að tónleikarnir verði lágstemmdir.

Plötunni Fast er lýst sem lágstemmdu þjóðlagapoppi og er upptökum á henni lokið. Einnig hefur Heiða nýlokið því að „mixa" plötuna ásamt tónlistarmanninum Curver Thoroddsen og er næsta skref að ljúka masteringu og framleiðslu hennar. Heiða segir ekki þýða að ætla að biðja hana um nákvæman útgáfudag plötunnar, enginn slíkur sé ákveðinn.

Lágstemmd þjóðlög eru þó ekki það eina sem Heidatrubador nýtir krafta sína í því hún gaf á dögunum út kassettuna Third-Eye Slide-Show en á henni má heyra tilraunahlið Heiðu.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 í Mengi að Óðinsgötu 2. Miðaverð er 2.000 krónur. gydaloa@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg S. Guðmundsdóttir**
Tjarnarlundi 1a, Akureyri,

lést að dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, föstudaginn 15. júlí síðastliðinn. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 26. júlí næstkomandi kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Ómar Örn Jósepsson** | **Bergþóra Helgadóttir** |
| **Þorsteinn Þ. Jósepsson** | **Jóna Guðný Jónsdóttir** |
| **Guðrún M. Jósepsdóttir** | **Jón Hjálmarsson** |
| **Hólmfríður K. J. Nerland** | **Tor Erik Nerland** |
| **Eyþór R. Jósepsson** | **Stella Gestsdóttir** |

**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðfinna Gissurardóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, föstudaginn 15. júlí. Útför fer fram frá Fossvogskirkju í Reykjavík, mánudaginn 25. júlí kl. 15.00.

**Jón Arnar Árnason**
**Halla Margrét Árnadóttir**
**Paolo Di Vita**
**Guðfinna Hlín Kristjónsdóttir**
**Ísold Jónsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Kristjáns Harðar Ingólfssonar**
tannlæknis.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Þórey S. Guðmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingólfur Kristjánsson** | **Ólafía Einarsdóttir** |
| **Jón Egill Kristjánsson** | **Rita Moi** |
| **Sigurður Kristjánsson** | **Ingibjörg Birna Ólafsdóttir** |

**og fjölskyldur.**

ÞETTA GERÐIST: 22. JÚLÍ 1977

## Deng Xiaoping kemst aftur til valda

Deng Xiaoping var settur aftur í stöðu sína á þessum degi en hann féll í ónáð í menningarbyltingunni í Kína á árunum 1966 til 1976. Deng Xiaoping fæddist árið 1904 og lærði meðal annars í Frakklandi og Sovétríkjunum á sínum yngri árum. Þegar hann kom heim til Kína varð hann virkur innan kommúnistaflokksins og völd hans fóru stigvaxandi.

Árið 1952 varð hann varaforsætisráðherra og síðar aðalritari flokksins. Deng Xiaoping barðist fyrir efnahagslegum úrbótum í landinu og vildi efla hagvöxt en hugmyndir hans stönguðust á við hugmyndir Maós Zedong, formanns flokksins. Þó að kommúnistaflokkurinn væri kominn til valda taldi Maó að byltingunni væri ekki lokið og hratt af stað menningarbyltingunni árið 1966. Menningarbyltingin einkenndist af róttækni og óróleika en Maó fékk ungt fólk innan stúdentahreyfingarinnar til þess að taka þátt og voru stúdentarnir kallaðir rauðu varðliðarnir. Deng Xiaoping, ásamt fleirum, var gagnrýndur harðlega fyrir störf sín og einhvern tíma á árunum 1967-1969 missti hann allar stöður sínar innan flokksins og hvarf sjónum almennings.



Maó missti að nokkru leyti stjórn á menningarbyltingunni en ofbeldi og stjórnleysi fylgdi rauðu varðliðunum og voru liðssveitirnar að mestu leystar upp, og lauk svo menningarbyltingunni í raun árið 1969.

Árið 1973 fékk Deng Xiaoping aftur stöðu sína innan flokksins, missti hana þremur árum síðar og fékk hana aftur árið 1977 en Maó lést árið 1976. Eftir að Deng komst aftur til valda kom hann á ýmsum efnahagslegum umbótum, hann dró úr miðstýringu, gaf fyrirtækjum aukið frelsi, bætti viðskiptasambönd við Vesturlönd og opnaði fyrir erlenda fjárfestingu til kínverskra fyrirtækja. Undir stjórn hans jókst hagvöxtur og stöðugleiki í Kína og lífskjör bötnuðu.



# GERÐU BÍLINN KLÁRAN FYRIR FERÐALAGIÐ

NORDRIVE®

## FARANGURSBOX



Silfurlitað, 330 l.
Innra mál:
135x78x38 cm.

30% AFSLÁTTUR

**31.430 kr.** ~~44.900 kr.~~

Gildir út júlí eða á meðan birgðir endast.



## LAKKVÖRN

Armor All Shield jafnvel betra en vaxbón.

ArmorAll®

- Fljótlegt að bera á og mikill gljái.
- Betri lakkvörn, sameindabinding við lakk.
- Enginn þurrktími og má bera á í sól.
- Hrindir vatni og vegryki frá.
- Shield endist á bílnum allt að 10 þvotta.

## BÍLAHREINSIR BÍLANAUSTS

Bílahreinsir Bílanausts er sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður af Kroon Oil. Bílahreinsirinn er nánast lyktarlaus alhliða olíu-, tjöru- og fituhreinsir á bíla og önnur farartæki.

**1.235 kr.**




## SJÖ VERSLANIR UM LAND ALLT

**REYKJAVÍK,** Dvergshöfða 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17, **REYKJANESBÆR,** Krossmóum 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Í dag er útlit fyrir keimlíkt veður og verið hefur, skýjað víða um land, stöku skúrir hér og þar og hlýtt loft. Hvergi rakinn þurrkur, en fínasta útivistarveður.

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14° | 11° | 13° |
| ↓4 | ↙4 | ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 13° | 8° |
| ↑7 | ↖5 | ↑3 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 12° | 13° |
| ↘3 | ←4 | ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 12° | 11° |
| ↙4 | ↗2 | ↓5 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nálægt
6. utan
8. tilvera
9. hvíld
11. öfug röð
12. klifun
14. fáni
16. kaupstað
17. útsæði
18. struns
20. frá
21. laun

**LÓÐRÉTT**
1. loga
3. tveir eins
4. svelgja
5. málmur
7. nýta
10. skrá
13. gifti
15. hamingja
16. hryggur
19. mun

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. næst, 6. án, 8. ævi, 9. lot, 11. on, 12. stagl, 14. flagg, 16. bæ, 17. fræ, 18. ark, 20. af, 21. kaup.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. ææ, 4. svolgra, 5. tin, 7. notfæra, 10. tal, 13. gaf, 15. gæfa, 16. bak, 19. ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Woda átti leik gegn Buchholz í Poznan árið 1992.

**1...Hf1+!! 2. Kxf1 Bxg2+ 3. Kg1** (3. Dxg2 De1#; 3. Ke2 Dg4#) **3... Bf3+ 4. Kf1 Dh3+ 5. Kg1 Dh1#.**
Ólympíuskákmót 16 ára og yngri hefst í Slóvaíku í dag. Fimm glæsilegir fulltrúar tefla fyrir Íslands hönds.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

**Svartur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| w | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |


# ALLTAF VIÐ HÖNDINA




Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play, Microsoft


# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# AÐ GEFNU TILEFNI




**Það staðfestist hér með að allur kjúklingur frá Rose Poultry í Danmörku er 100% af dönskum uppruna.**

Allur kjúklingur undir Rose vörumerkinu á Íslandi er 100% af dönskum uppruna og ræktaður í Danmörku af dönskum stofni. Öllum fugli er slátrað og pakkað í Danmörku undir viðurkenndum gæðastöðlum.

**Rose Poultry er 100% dönsk gæðavara sem seld hefur verið á íslandi við góðan orðstýr síðastliðinn áratug.**

ROSE

Poultry from Denmark

# Mikilvægt að við skoðum aftur fyrir okkur

**Guðrún Tryggvadóttir fór á slóðir formæðra sinna vestur í Dölum og málaði þær eins og þær stóðu henni fyrir hugskotssjónum. Afraksturinn, ellefu málverk og innsetningu, sýnir hún í Ólafsdal við Gilsfjörð.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Langamma mín kom úr Dölunum og þegar ég fór að skoða betur kvenlegginn minn, móður – móður – móður, allt aftur til 1685, komst ég að því að þær höfðu allar búið þar á tiltölulega litlu landsvæði. Ég er búin að fara á þá staði og þefa, skoða og líta í kringum mig. Reyndi að finna út hvernig lífi þær lifðu og það hratt mér út í að mála af þeim myndir," segir Guðrún Tryggvadóttir myndlistarkona sem opnar sýningu í gamla skólahúsinu í Ólafsdal, fyrir botni Gilsfjarðar, á morgun.

„Flestar ömmur mínar voru í Kvennabrekkusókn en líka á Skarðsströndinni sem er skammt frá Ólafsdal. Því fannst mér upplagt að láta þær hittast þar og horfast í augu," segir Guðrún og heldur áfram. „Ólafsdalur er svolítið úr leið eftir að Gilsfjarðarbrúin var byggð en hann er alger perla. Þar er búið að vinna gott starf við að gera upp gamla skólahúsið, innvolsið er óbreytt og panillinn er í yndislegum litum. Að vinna að myndlist þar veitti mér innblástur."

Guðrún býr á Alviðru í Ölfusi, við rætur Ingólfsfjalls, á móti Þrastarlundi. Hún og maður hennar halda utan um vefinn nattura.is en hún er líka myndlistarmaður og hefur lagt rækt við þann þátt í auknum mæli síðustu ár.

Málverkin sem hún gerði af formæðrum sínum eru frekar stór. „Ég málaði þær eins og ég sé þær fyrir mér, eftir að hafa farið í gegnum þau litlu gögn sem ég hafði. Það eru nokkrar setningar skrifaðar um sumar, ekkert um aðrar, eins og títt er um fyrri tíðar konur. En ég sé í Íslendingabók hvenær þær byrjuðu að eignast börn, hversu mörg börn þær fæddu og hve mörg komust upp."

Ekki segir Guðrún túlkun sína yfirnáttúrulega á nokkurn hátt en andinn hafi virkilega komið yfir hana af því að kafa ofan í þetta efni án þess þó að setja líf kvennanna inn í einhverja fornöld. „Okkur hættir til að sjá allt í svarthvítu sem er horfið okkur en þetta voru konur af holdi og blóði sem áttu lífsferil eins og við og höfðu liti náttúrunnar í kringum sig. Þær þurftu að sinna heimilum og setja mat á borð – og það erum við enn að fást við þó við eigum ekki tólf börn í torfkofa. Ekki höfðu þær mikið á milli handanna en ég vil með sýningunni gera þeim hátt undir höfði án þess að fella yfir þeim dóma eða veita verðlaun.

Mér finnst mikilvægt að við skoðum aftur fyrir okkur öðru hvoru í stað þess að finnast við sjálf merkilegri en allt."




Með sýningunni í Ólafsdal kveðst Guðrún vilja gera formæðrum sínum hátt undir höfði án þess að fella yfir þeim dóma eða veita verðlaun. MYND/EINAR BERGMUNDUR

> **OKKUR HÆTTIR TIL AÐ SJÁ ALLT Í SVARTHVÍTU SEM ER HORFIÐ OKKUR EN ÞETTA VORU KONUR AF HOLDI OG BLÓÐI SEM ÁTTU LÍFSFERIL EINS OG VIÐ OG HÖFÐU LITI NÁTTÚRUNNAR Í KRINGUM SIG.**

# Heildstæður heimur í einföldum orðum

**BÆKUR**

**Andvaka (fyrsti hluti þríleiks)**

★★★★★

**Jon Fosse**

**Þýðing:** Hjalti Rögnvaldsson
**Útgefandi:** Dimma
**Prentun:** Litlaprent
**Síðufjöldi:** 72
**Kápa:** Högni Sigurþórsson

Andvaka er fyrsti hluti þríleiks hins norska Jons Fosse, en hinir tveir hlutarnir Draumar Ólafs og Kvöldsyfja eru enn ekki komnir út á íslensku. Fyrir þríleikinn hlaut Fosse á síðasta ári Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og þar sem Andvaka er aðeins rétt rúmar sjötíu síður á lengd þá skaut óneitanlega þeirri hugmynd upp í kollinn að vera ekkert að skrifa aðeins um þennan fyrsta þátt. Að láta tímann líða, þýðanda skila sínu verki, útgefendur sínu og taka þetta svo í heild. En þó svo Andvaka sé lítil bók þá er hún stórar bókmenntir. Heildstæður heimur úr fáum orðum.

Jon Fosse er á meðal þekktustu samtímahöfunda Norðmanna. Eftir hann liggur fjöldi leikrita, ljóða og skáldrita og hann er jafnt leikinn sem lesinn víða um veröldina á fjölda tungumála. Til þessa hefur aðeins lítið brot af verkum Fosses fundið sér stað á íslensku, ein tvö leikrit að minnsta kosti auk skáldsögunnar Morgunn og kvöld sem kom út á síðasta ári. Útgáfunni á þríleiknum ber því að fagna og vonandi verður þess ekki langt að bíða að næstu tveir hlutar rati til lesenda á íslensku í þýðingu Hjalta Rögnvaldssonar sem nú þegar hefur vandað vel til verks og á heiður skilinn.

Þríleikur Jons Fosse fjallar um alþýðufólk fyrr á öldum í Noregi. Ævi þess, drauma, samfélag, ástir og örlög. Aðalsöguhetjurnar Ási og Alda ganga um götur Björgvinjar á köldu og votviðrasömu haustkvöldi í leit að húsaskjóli. Bæði ung og hún ólétt og komin að falli. Umkomulaus og ein, eiga aðeins hvort annað, óelskaðir einstaklingar hornreka í hörðu samfélagi.




Frásögnin flæðir áreynslulaus um tíma og rúm, um vitund elskendanna, aðstæður þeirra drauma og hugarheima. Fosse er einstakur stílisti og beitir fyrir sig frjálsu textaflæði ljóðskáldsins, óbundinn af hefðbundinni setningarfræði. Frjáls undan línulegri frásögn skapar hann ótrúlega heildstæðan söguheim og sterka frásögn með þessar tvær manneskjur sem miðju alls samfélagsins þar sem eign er vald og öryggi og allt annað siglir utan alls.

„Það er bara svona, sumir eiga, og sumir eiga ekki, segir hún
Og þeir sem eiga ráða yfir okkur hinum, okkur, sem eigum ekki, segir hún
Þannig er það víst, segir Ási
Og þannig á að það að vera, segir Alda" (bls. 12)

Aðalpersónurnar Alda og Ási vísa óneitanlega bæði til Adams og Evu en þó enn fremur til Maríu og Jóseps ráfandi um byggðina í leit að skjóli fjarri heimahögunum. En það sem gerir frásögnina sterka og áhrifaríka er ekki síst hinir barnslegu eiginleikar þeirra sjálfra, barnslegt tungutak þeirra og barnslega afstaða til heimsins og sú hrópandi mótstaða sem öll þeirra hugsun og allar þeirra gjörðir eru í við kalt og hart samfélagið. Fosse er sérdeilis flinkur stílisti sem í einföldum og meitluðum texta nær að draga upp áhrifaríkan söguheim Noregs sem var, en engu að síður með sterkum skírskotunum til samtíma okkar, lífs og samfélags. Og ef næstu tveir hlutar þríleiksins gefa Andvöku ekkert eftir er von á góðu og vonandi er þeirra ekki langt að bíða. **Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Andvaka er í senn einföld, heillandi og áhrifarík bók sem óhætt er að mæla með.

# ÚTSALA




Íslensku stráin 140x200
Nú 6.746 kr. Áður 14.990 kr.

YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**SENDUM FRÍTT ÚR VEFVERSLUN**



SVUNTUR FRÁ 1.794 KR

Skautbúningasvuntan / Höfðingi svunta
Nú 3.594 kr. Áður 5.990 kr.



50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM

Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Kjóll - langerma 1.745 kr. Áður 3.490 kr.



40% AF ÖLLUM BARNA RÚMFÖTUM

Sveitin mín 70x100
Nú 5.394 kr. Áður 8.990 kr.



40% AF ÖLLUM DÚNTEPPUM

Dúnteppi ljósbrúnt 140x200
Nú 5.994 kr. Áður 9.990 kr.



Barnasæng - 100% dúnn - Stærð 100x140
Nú 11.044 kr. Áður 16.990 kr.



35% AF ÖLLUM KODDAVERUM

Biðukolla koddaver 50x70
Nú 1.879 kr. Áður 2.890 kr.

## OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI

Lín DESIGN

Rauði kross Íslands

Á undanförnum 3 árum höfum við unnið með Rauða krossinum við að safna notuðum flíkum. Þegar barnið þitt er vaxið upp úr sinni stærð hefur þú kost á að koma með flíkina og fá aðra með 20% afslætti.

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**22. JÚLÍ 2016**

## Hátíðir

**Hvað?** Mærudagar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Húsavík
Hin árlega bæjarhátíð Mærudagar sem fram fer á Húsavík stendur nú yfir um helgina. Fjölbreytt dagskrá verður yfir helgina og fyrir nánari upplýsingar er áhugasömum bent á Facebook-síðuna Mærudagar.

**Hvað?** Franskir dagar á Fáskrúðsfirði
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Fáskrúðsfjörður
Franskir dagar hafa verið haldnir hátíðlegir síðan árið 1996. Minningunni um veru Frakka á Fáskrúðsfirði og tengsl þeirra við staðinn er haldið á lofti og heimamenn ásamt gestum gera sér glaðan dag. Fjölbreytt dagskrá verður yfir helgina og er hægt að kynna sér hana nánar á vefsíðunni franskirdagar.com.

**Hvað?** Reykholtshátíð 2016
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Reykholtskirkja, Borgarfirði
Reykholtskórinn flytur Árstíðirnar eftir Vivaldi á opnunartónleikum Reykholtshátíðar. Kórinn er samstarfsverkefni Hvanneyrar-, Reykholts- og Stafholtsprestakalla og er undir stjórn Viðars Guðmundssonar. Kórinn flytur bæði íslensk og erlend lög og sérstakur gestur er tenórinn Elmar Gilbertsson. Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari fer í hlutverk einleikara. Hátíðarpassi á alla tónleika hátíðarinnar kostar 9.000 krónur en miðaverð á tónleika kórsins er 3.500 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Föstudagsforleikur fyrir Bræðslu
**Hvenær?** 20.00 og 23.30
**Hvar?** Fjarðarborg, Borgarfirði eystri
Forleikur fyrir Bræðsluna. Fram koma MurMur, Úlfur Úlfur og Jónas Sigurðsson ásamt Ritvélum framtíðarinnar. Tvennir tónleikar fara fram í kvöld. Á þeim fyrri verða sæti og borð en þeir seinni verða standandi. Miðaverð er 3.800 krónur.


Úlfur Úlfur er meðal þeirra sem fram koma á Föstudagsforleik fyrir Bræðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Lucy in Blue, Churchhouse Creepers, Ottoman, The Roulette
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Lucy in Blue, Churchhouse Creepers, Ottoman og The Roulette á Gauknum í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Barokkbandið Brák og blóðheitu Ítalirnir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholtskirkju
Barokkbandið Brák skellir í ítalska stuðtónleika, með verkum eftir Vivaldi, Caldara og Locatelli. Líflegir hljóðfærakonsertar verða í forgrunni. Tónleikarnir eru hluti af Sumartónleikaröð í Skálholti. Aðgangur er ókeypis en tekið er við frjálsum framlögum.

**Hvað?** Gott kvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dómkirkjunni
Oktettinn Fjárlaganefnd býður gott kvöld í Dómkirkjunni. Efnisskráin spannar fjórar aldir, allt frá Orlando di Lasso til Erics Whitacre. Miðaverð er 2.000 krónur. Hópinn skipa Sólrún Hedda Benedikz Hermannsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Freydís Þrastardóttir, Valgerður Helgadóttir, Sigurjón Jóhannsson, Þórhallur Auður Helgason, Einar Þór Guðmundsson og Ragnar Pétur Jóhannsson.

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgötu 12
Dj Styrmir Dansson þeytir skífum á Hverfisgötu 12 í kvöld.

**Hvað?** Prins Póló & dj flugvél og geimskip
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Prins Póló og dj flugvél og geimskip verða á sumartónleikum Húrra og Rásar 2 í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Heidatrubador
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Heidatrubador er listamannsnafn Heiðu Eiríksdóttur sem flytur gjarnan lágstemmda þjóðlagakántrí-popp og framúrstefnulega tilrauna-hljóðatónlist. Heidatrubador varð til árið 1989 í Marseille en lá í dvala í áraraðir. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jackie Ferguson trio
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Frystiklefinn, Rifi
Tríóið Jackie Ferguson er starfrækt í Köln og stendur saman af Leo Engels á gítar, Erni Inga Unnsteinssyni á bassa og Jan Philipp á trommum. Jackie Ferguson var stofnuð í fyrrasumar og spilar garage-jazz sem er eins konar blanda af djassi og poppi undir áhrifum frá Mac Demarco, Bill Frisell og Dirty Projectors.

**Hvað?** Jón Jónsson og hljómsveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg
Jón Jónsson kemur fram á Café Rósenberg í kvöld ásamt hljómsveit. Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Nýdönsk
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hljómsveitin Nýdönsk verður í stuði á Græna hattinum í kvöld. Miðaverð er 4.900 krónur.

## Sýningar

**Hvað?** Of light
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Frumsýning á sviðsverkinu Of light. Áhorfandinn upplifir verkið að mestu leyti í myrkri, umlukinn dansi, orðum og tónlist. Höfundur og leikstjóri verksins er hin bandaríska listakona Samantha Shay en verkið verður aðeins flutt einu sinni á Íslandi. Tónlistarkonan KÁRYYN semur raftónlist og kórverk fyrir verkið. Um hljóðhönnun og útsetningu sér Paul Evans, og Nini Julia Bang fléttar hefðbundna tónlist frá Kúrdistan, Georgíu og Sardiníu við verkið. Miðaverð er 3.900 krónur.

## Kvikmyndir




**Hvað?** Clueless
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Hinn klassíska kvikmynd Clueless verður sýnd í Bíó Paradís. Flestir ættu að kannast við dekurdrósina Cher sem leikin er af Aliciu Silverstone. Myndin er lauslega byggð á skáldsögunni Emma eftir Jane Austin og sló svo sannarlega í gegn þegar hún kom út árið 1995. Miðaverð er 1.400 krónur.

Kvikmyndin Clueless verður sýnd í Bíói Paradís í kvöld.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

-30% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# LAGER HREINSUN

## á sumarvörum

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



## Enn meiri verðlækkun

Garðálfar 50% afsláttur • Útipottar 30% afsláttur • Birki í pottum 70% afsláttur
Garðplöntur, tré, runnar, fjölærar plöntur, rósir og sumarblóm 50% afsláttur
Bensín sláttuvélar 25% afsláttur • Rafmagnssláttuvélar 30% afsláttur
Garðverkfæri 30% afsláttur • Hekkklippur 35% afsláttur • Keðjusagir 35% afsláttur
Úðarar og slönguhjól 35% afsláttur • Mosatætarar 35% afsláttur
Garðhúsgögn 30% afsláttur • Tjaldstólar og tjaldborð 40-50% afsláttur • Sessur 40% afsláttur
Kælibox 40% afsláttur • Tjöld 40% afsláttur • Vindsæng og svefnpokar 40% afsláttur
Vatnsbrúsar 40% afsláttur • Grilláhöld 30% afsláttur • Leikföng 40% afsláttur

## ÚTSALA Á PALLAEFNI LÝKUR UM HELGINA



Byggjum á betra verði

www.husa.is

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.




## NETTIR KETTIR

Stórskemmtilegur spurningaþáttur um popptónlist þar sem íslenskt tónlistarfólk spreytir sig á allskonar spurningum um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum. Þáttarstjórnandi er **Hreimur Heimisson.**


FRÁBÆRT
**FÖSTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




## STEEL MAGNOLIAS

Skemmtileg mynd um sex einstakar konur sem standa saman í erfiðleikum og njóta ánægjustunda lífsins sem er kjarni þessarar mannlegu sögu.



## FANTASTIC FOUR

Þau eru utanveltu þar til þau ferðast í annan heim og öðlast ofurkrafta. Þar hitta þau gamlan vin og barátta góðs og ills hefst fyrir alvöru! Stórskemmtileg ævintýramynd.



## PEACE, LOVE & MISUNDERSTANDING

Gamanmynd um Diane og Mark sem eru að skilja og Diane ákveður að fara með börnin þeirra tvö í heimsókn til móður sinnar sem hún hefur ekki hitt í tuttugu ár.



## EMIL Í KATTHOLTI

Frábær fjölskyldumynd um grallarann Emil sem tekur sér ýmislegt fyrir hendur en uppátæki hans falla ekki alltaf í góðan jarðveg.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 First Dates**
**11.05 Grand Designs**
**11.50 Restaurant Startup**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**13.25 Paul Blart: Mall Cop 2**
**15.00 Little Women** wStjörnum hlaðin klassísk mynd frá árinu 1994. Aðalpersónurnar eru frú March og fjórar dætur hennar sem alast upp á tímum borgarastríðsins í Nýja-Englandi. Dæturnar eru allar við það að springa út en þessar „litlu konur" eru um margt ólíkar. Ein er mjög sjálfstæð í skoðunum, önnur afar viðkvæm, sú þriðja ákaflega rómantísk og sú fjórða fyrst og fremst falleg.
**16.55 Litlu Tommi og Jenni**
**17.15 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Friends** Barnalæknir Emmu neyðist til að hætta með hana sem sjúkling sökum stanslausra hringinga Rachel og Ross er allt annað en sáttur þegar hún leitar til gamla barnalæknisins hans í staðinn, sérstaklega þar sem hann er enn læknir hans. Chandler er að hugsa um að flytja til Tulsa út af vinnunni en er ekki viss hvort Monica sé til í að flytjast þangað með honum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Impractical Jokers** Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þáttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**19.30 Nettir Kettir**
**20.20 Steel Magnolias**
**22.15 Fantastic Four**
**23.55 Insidious: Chapter 2** Spennutryllir frá 2013 sem fær hárin til að rísa. Lambert-fjölskyldan reynir komast að því hvers vegna illir andar ásækja hana. Aðalhlutverkin leika Patrick Wilson, Rose Byrne, Barbara Hershey og Ty Simpkins.
**01.40 The Guest**
**03.20 Mortdecai**
**05.05 Paul Blart: Mall Cop 2**

## SPORT

**08.00 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**08.55 Sumarmótin**
**09.30 FH - Dundalk**
**11.15 Goðsagnir - Steingrímur Jó**
**12.00 Man. Utd. - Dortmund Bein útsending**
**14.10 Premier League World**
**14.40 NBA - Dr. J - The Doctor**
**15.50 Sumarmótin**
**16.25 Breiðablik - Valur**
**18.10 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**19.05 Fram - KA Bein útsending**
**21.10 Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson**
**22.05 Man. Utd. - Dortmund**
**23.45 Demantamótaröðin - London**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**20.00 Svínasúpan**
**20.20 Lip Sync Battle**
**20.45 NCIS. New Orleans**
**21.30 Treme**
**22.40 Supernatural**
**23.25 Breakout Kings**
**00.10 Fóstbræður**
**00.40 Entourage**
**01.15 Svínasúpan**
**01.40 Lip Sync Battle**
**02.05 NCIS. New Orleans**
**02.50 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Ævintýraferðin**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Kalli á þakinu**
**09.25 Lína Langsokkur**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Ofurhundurinn Krypto**
**10.25 Strumparnir**
**10.47 Stóri og litli**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Ævintýraferðin**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Kalli á þakinu**
**13.22 Lína Langsokkur**
**13.45 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Ofurhundurinn Krypto**
**14.25 Strumparnir**
**14.47 Stóri og litli**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Ævintýraferðin**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Kalli á þakinu**
**17.22 Lína Langsokkur**
**17.45 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Ofurhundurinn Krypto**
**18.25 Strumparnir**
**18.47 Stóri og litli**
**19.00 Emil í Kattholti**



**Dóra könnuður kl. 17.00, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World 2016**
**08.50 RBC Canadian Open**
**11.50 UL International Crown**
**15.50 Inside The PGA Tour 2016**
**16.10 RBC Canadian Open**
**19.10 Golfing World 2016**
**20.00 RBC Canadian Open**
**23.00 UL International Crow**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10 E.T.**
**13.05 Trust Me**
**14.35 Annie**
**16.35 E.T.**
**18.30 Trust Me**
**20.00 Annie** Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2014, byggð á sögunni af hinni munaðarlausu Annie sem flestir muna eftir. Nútíma Annie býr á fósturheimili og lætur sig dreyma um að góðir foreldrar komi og ættleiði hana. Dag einn hleypur hún óvart í fang frambjóðanda sem er á atkvæðaveiðum fyrir komandi kosningar. Aðstoðarfólk hans fær þá hugmynd að leyfa Annie að eyða degi með frambjóðandanum og telja það snjalla leið til að bæta almenningsálitið. Hann er sjálfur efins enda áhugalítill um börn en Annie á eftir að breyta því enda heillar hún alla sem umgangast hana.
**22.00 Peace, Love & Misunderstanding**
**23.35 Deliverance Creek**
**01.05 Only God Forgives**
**02.35 Peace, Love & Misunderstanding**

## RÚV

**16.20 Popp- og rokksaga Íslands**
**17.20 Ekki bara leikur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lautarferð með köku**
**18.03 Pósturinn Páll**
**18.18 Lundaklettur**
**18.28 Drekar**
**18.50 Öldin hennar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**20.00 Popppunktur**
**21.10 Miranda**
**21.45 Skarpsýn skötuhjú**
**22.40 The Brothers Bloom**
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Kitchen Nightmares**
**09.50 Got to Dance**
**10.40 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**13.55 BrainDead**
**14.40 Jane the Virgin**
**15.25 The Millers**
**15.50 The Good Wife**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**18.55 King of Queens**
**19.20 How I Met Your Mother**
**19.45 Korter í kvöldmat**
**19.50 America's Funniest Home Videos**
**20.15 When Harry Met Sally**
**21.55 Second Chance**
**22.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.20 The Late Late Show with James Corden**
**00.00 Prison Break**
**00.45 Code Black**
**01.30 The Bastard Executioner**
**02.15 Penny Dreadful**
**03.00 House of Lies**
**03.30 Second Chance**
**04.15 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.55 The Late Late Show with James Corden**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

LLOYD VAGABOND SHOEMAKERS adidas Gabor SIXMIX hummel ecco

# RISA ÚTSALA Í FULLUM GANGI

60%

70%

50%

90%

**LÁGMARKSAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM NÚ 50%**

80%

50%

60%

**Toppskórinn**
Markaður Smáratorgi

**Toppskórinn**
Outlet Grafarvogi

Smáratorgi, Kópavogi

| | |
|---|---|
| Opið virka daga | 11.00-18.00 |
| Laugardaga | 11.00-18.00 |
| Sunnudaga | 12.00-18.00 |

Vínlandsleið, Grafarholti

| | |
|---|---|
| Opið virka daga | 11.00-18.00 |
| Laugardaga | 11.00-16.00 |
| Sunnudaga | 13.00-17.00 |




POTS &CO







## SÆLKERA EFTIRRÉTTIR Í FALLEGUM KERAMIK FORMUM

Nýtt í Hagkaup




**Pukka te**
Lífrænar gæða jurtir í hverjum poka.




**Hamlet BBQ&Choc**
Súkkulaði fondue á grillið.



**Kexsmiðjan snúðar**
Kanilsnúðar, Súkkulaðisnúðar og Sælusnúðar.

Gildir til 24. júlí á meðan birgðir endast.




**Doritos**
Vinsælt kornsnakk.




**Merba kex**
Góður ferðafélagi.




**Völu kókosbollur**
Bíttu laust því bollan er mjúk.

## BBQ SÓSUR Í MIKLU ÚRVALI



24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg



KJÚKLINGAVEISLA UM HELGINA
Holta KJÚKLINGUR
TILBOÐ 35% afsláttur á kassa
HEILL KJÚKLINGUR
714 kr/kg
verð áður 1.099
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KJÚKLINGALUNDIR
2.174 kr/kg
verð áður 2.899
TILBOÐ 40% afsláttur á kassa
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
560 kr/kg
verð áður 933
TILBOÐ 40% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-VÆNGIR
287 kr/kg
verð áður 479
TILBOÐ 30% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-LEGGIR
699 kr/kg
verð áður 999
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-BRINGUR
2.024 kr/kg
verð áður 2.699
TILBÚIÐ Í SALATIÐ, VEFJUNA, SÚPUNA OG KJÚKLINGARÉTTINN
798 kr/pk
verð áður 1.149
FAJITAS
ARGENTÍNU
TANDOORI
BARBECUE
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla








Edda Björgvinsdóttir leikur eldri borgara sem fer af elliheimilinu í leit að ævintýrum. MYND/BALDVIN VERNHARÐSSON

# Börn náttúrunnar sem gamanmynd

Söngvarinn **Jón Jónsson** gefur út tónlistarmyndband í dag á Vísi og er því leikstýrt af **Frey Árnasyni**. Í myndbandinu, sem Edda Björgvins leikur í, er sögð saga konu sem ákveður að strjúka af elliheimili.

Jón Jónsson hefur verið ansi iðinn við að gera slagara síðustu árin en þó ekki alveg jafn duglegur við að gera myndbönd við smellina sína – þar til nú, en söngvarinn knái gefur út sitt fyrsta tónlistarmyndband í dag og verður það frumsýnt á Vísi. Freyr Árnason, leikstjóri hjá Tjarnargötunni, sá um að leikstýra þessu fyrsta myndbandi hans Jóns við lagið Your Day og er það engin önnur en Edda Björgvinsdóttir sem leikur aðalhlutverkið en því fylgir gervi sem gerir leikkonuna síungu nánast óþekkjanlega.



**Jón Ragnar Jónsson tónlistarmaður sendir frá sér sitt fyrsta tónlistarmyndband.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Myndbandið er, svona eins og bæði Jón og Edda, gríðarlega hresst og jákvætt. Edda, sem fer með aðalhlutverkið, leikur þar eldri borgara sem ákveður að flýja elliheimilið í smástund og upplifa ævintýri úti í góða veðrinu. Þetta rímar vel við boðskap lagsins hjá honum Jóni sem fjallar um að brjóta upp hversdagsleikann, njóta augnabliksins og gera eitthvað öðruvísi,“ segir Freyr Árnason, leikstjóri myndbandsins, um sköpunarverk sitt og Jóns.

Í myndbandinu er hinni síungu Eddu Björgvins breytt í eldri borgara. „Það er hún Tinna Miljevic sem á allan heiður af því að umbreyta hinni síungu Eddu í trúverðugan eldri borgara,“ segir Freyr um þessa óvenjulegu umbreytingu á leikkonunni sem verður að teljast ansi sannfærandi.

„Hugmyndin að myndbandinu kemur frá því þegar við vorum að ræða hvernig kvikmyndin Börn náttúrunnar myndi líta út ef hún væri gamanmynd. Okkur fannst það passa fullkomlega við inntakið í laginu og boðskapinn í því. Myndbandið var tekið upp á sumardegi í Hvalfirði og nágrenni. Auk þess sem tökur fóru fram á Gjábakka í Kópavogi þar sem við nutum liðsinnis fjölda leikara úr Leikfélagi eldri borgara sem stigu trylltan dans með Eddu.“ Auk Eddu og félaga úr Leikfélagi eldri borgara má sjá Pétur Óskar Sigurðsson í aukahlutverki. Um kvikmyndatöku sáu Baldvin Vernharðsson og Skapti Magnús Birgisson.

**stefanthor@frettabladid.is**

> **MYNDBANDIÐ ER, SVONA EINS OG BÆÐI JÓN OG EDDA, GRÍÐARLEGA HRESST OG JÁKVÆTT. EDDA, SEM FER MEÐ AÐALHLUTVERKIÐ, LEIKUR ÞAR ELDRI BORGARA SEM ÁKVEÐUR AÐ FLÝJA ELLIHEIMILIÐ Í SMÁSTUND OG UPPLIFA ÆVINTÝRI ÚTI Í GÓÐA VEÐRINU.**



Freyr Árnason

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# *Stærsti* og *öflugasti dísiljeppinn í sínum flokki*



# NÝR FORD **EDGE AWD**

## Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

**Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseiginleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

## FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta dísiljeppann Ford Edge AWD**

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Maríu Bjarnadóttur




## Ekki hann Nonni minn

Johnny Depp vakti yfir rúminu mínu í nokkur ár á plakati frá Æskunni. Hvort mér brá þegar ég sá fréttir af konunni hans að saka þennan sæta mann um heimilisofbeldi! Hún situr núna undir því að vera sögð standa í þessu til að hafa af honum peninga. Það er heimsþekkt en rammfalskt stef sem hefur fengið góða spilun. Líka á Íslandi.

Staðreyndin er sú að þó að Johnny sé goðum líkastur er hann bara manneskja. Allar manneskjur eru færar um að beita aðra ofbeldi. Ofbeldisfólk er ekki með stimpil á enninu. Þau eru ekki skrímsli. Þau eru nágrannar okkar, systur og skemmtilegi frændinn. Þau eru manneskjur sem taka ákvarðanir sem geta eyðilagt líf annarra.

Ef við viðhöldum ranghugmyndum um að gott fólk lendi óvart í því að nauðga eða að heimilisofbeldi sé samskiptavandi, á okkur seint eftir að takast að útrýma ofbeldi úr íslensku samfélagi. Það er vont fyrir okkur öll. Ofbeldi er kostnaðarsamt fyrir samfélagið og dýrkeypt fyrir þolendur. Rannsóknir hafa sýnt að heimilisofbeldi kosti ástralskt samfélag mörg hundruð milljónir á ári. Þeir sem eru ekki á móti ofbeldi og nauðgunum af hugsjónaástæðum ættu að minnsta kosti að vera það af hagkvæmnisástæðum. „Lofa lægri sköttum ef þið drullist til að hætta að nauðga." Það er gott kosningaloforð fyrir haustið.

Það er tímabært að við hættum að láta eins og ofbeldishegðun sé eðlileg, ásættanleg eða óhjákvæmileg. Hún er það ekki. Allir geta sent þessi skilaboð með því að mæta í Druslugönguna á morgun.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is

